



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Gleðilega hátíð!



5 694110 023513

Fimmtudagur

22. desember 2011

51. tbl. · 28. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI
SÍMI: 456 3995
OPIÐ: MÁN.-FÖS. 7-17



Laminn í hausinn með saltfiski

Matthías Bjarnason talar um æskuárin á Ísafirði, átökin í pólitíkinni og fleira forvitnilegt í skemmtilegu viðtali viðtali við Bjarna Brynjólfsson.



750 KR.
OG EIMSKIP FLYTJANDI KEMUR
JÓLAPÖKKUNUM TIL SKILA

Hámarksstærð pakka er 0,5 x 0,5 x 0,5 m
og hámarksþyngd 45 kg.

EIMSKIP
Flytjandi

| www.flytjandi.is | sími 525 7890 |

Samkaup

úrval

góðir grannar

Helgartilboð 22.- 24. desember

Úrvals íslenskur hamborgarhryggur

frá Kjötseli

25%
afsláttur

~~399~~

299 kr pk

Grænmetisblanda 750g
frá Coop

Gronslagssýmfonti
guleræddur, broccólí, rósakál, þefurhlutur



~~1.498~~

1.299 kr/kg

Góð
kaup!

25%
afsláttur

~~389~~

292 kr ds

Perur 825g
frá Coop



25%
afsláttur

~~279~~

209 kr stk

Rauðkál/Rauðrófur 720g
frá Coop



25%
afsláttur

~~959~~

719 kr stk

Jólaís 1,5 l
frá Emmessís



~~398~~

Ferskur
ananas

199 kr/kg

50%
afsláttur



...sjá fleiri **tilboð** og **uppskriftir** á **samkaupurval.is**

Úrvals íslenskt hangilæri

frá Kjötseli




*Óskum landsmönnum
gledilegra jóla*
og farsældar á nýju ári!

Pökkum ánægjuleg viðskipti
á árinu sem er að líða,

starfsfólk
Samkaupa úrvals

Ekki kemur til niðurskurðar

Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, undirritaði fyrir stuttu samninga um starfsemi og þjónustu Háskólaþess Vestfjarða, Háskólafélags Suðurlands – Þekkingarnet á Suðurlandi og Þekkingarsetur Vestmannaeyja. Megin markmið samninganna er að bæta aðgengi íbúa að námi og stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs og atvinnuþróunar, að því er fram kemur í fréttatilkynningu. Setrunum er m.a. ætla að veita nemendum á fram-

haldsskóla- og háskólastigi þjónustu með miðlun fjárfundakennslu, fjárprófahaldi og með því að halda úti les- og vinnuáðstöðu fyrir fjarnema. Jafnframt er þeim ætlað að þróa námsleiðir og/eða námskeið á háskólastigi í samstarfi við háskóla, sérfræðinga og önnur þekkingarsetur á svæðinu.

Að sögn Peter Weiss, forstöðumanns Háskólaþess Vestfjarða, svipar samningurinn til fyrsta grunnsamningsins sem undirritaður var 2006 og var til fimm ára, en samningurinn sem undir-

ritaður var nú er til þriggja ára og tryggir grunnrekstur Háskólaþess sem fjárnámsmiðstöðvar. Grunnsamningurinn tekur ekki til fjármögnunar en er hún háð samþykki Alþingis hverju sinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið er með þessum samningum að festa í sessi starfsemi þekkingarsetra á landsbyggðinni. Á grundvelli fjárframlaga til ólíkra setra er ábyrgð þeirra á starfsemi skilgreind þannig að hún fullnægja kröfum um fagmennsku og gæði.

Þá er unnið að gerð aukasam-

inga varðandi meistaranám og fleiri þætti sem koma að Háskólaþessinu. „Fjárlaganefnd hefur nú í desember samþykkt að veita Háskólaþessinu sömu fjárupphæð í reksturinn og í fyrra. Því mun ekki koma til 11,6% niðurskurðar sem boðaður var í upphafi fjárlagagerðar og erum við þakklát fyrir það. Fjárhagsstaða er þó eftir sem áður erfið, eins og víða annars staðar á landinu, en engin ástæða er til að örvænta. Nýi samningurinn breytir engu fyrir okkur í því samhengi,“ segir Peter.



Hætta þjónustu við matjurtargarða

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að hætta gjaldtöku og þjónustu við matjurtargarða í sveitarfélaginu þar sem ekki er talið hagkvæmt fyrir Ísafjarðarbæ að sjá um þann rekstur. Ísafjarðarbær hefur séð um útleigu matjurtargarða ofan Hlíðarveggar, í Tunguskógi og á Flateyri, og hefur bærinn m.a. séð um skráningu og eftirliti með gördunum og að þeir séu plægðir.

Eftirspurn eftir gördum hefur verið mikil, að því er fram kemur í erindi sem Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar, sendi umhverfisnefnd og hafa rúmlega 30 garðalönd hafa verið leigð út. Tekjur af gördunum hafa verið um 70 þúsund krónur en kostnaður er mun meiri en hann er á bilinu 1.500 kr. til 4.000 kr. á garð.

Fjórtán bílageymslur?

Vestfirskir verktakar ehf., á Ísafirði kanna nú möguleika á að byggja fjórtán bílageymslur sunnan og neðan við Hlíf 2 á Torfnesi. Hermann Þorsteinsson, einn eigenda fyrirtækisins, hefur óskað eftir áliti umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar á fyrirhuguðum framkvæmdum, en samkvæmt samþykktu deiliskipulagi er umrædd lóð ætluð til byggingar verkmenntahúss fyrir Menntaskólann á Ísafirði.

Umhverfisnefnd hefur óskað eftir afstöðu stjórnenda skólans við erindinu.

Íbúafundur í janúar

Ofanflóðasjóður hefur gefið Framkvæmdasýslu ríkisins heimild til að hefja undirbúning útboðs á hönnun varnargarðs neðan Gleiðarhalla í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir því að verkinu verði lokið á vordögum.

Á bæjarráðsfundi var greint frá því að frummatsskýrsla hafi nú verið send Skipulagsstofnunartil yfirferðar og gert ráð fyrir að hún verði auglýst í þessum mánuði. Jafnframt er stefnt að því að kynningarfundur fyrir íbúa Ísafjarðarbæjar verði haldinn þann 10. janúar á næsta ári.

Auglýsing um deiliskipulag Vesturbyggðar vegna snjóflóðavarnargarða neðan Klifs á Patrekfirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 28. september 2011 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vesturbyggð.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að deiliskipulags vegna snjóflóðavarnargarðs undir Klifi. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá 16. desember 2011 til 3. febrúar 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. febrúar 2012.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63 eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt „deiliskipulag Vesturbyggðar“. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Patreksfjörður, 14. desember 2011.
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.



VESTURBYGGÐ

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 vegna snjóflóðavarnargarða neðan Klifs á Patrekfirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum þann 28. september 2011 að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir Vesturbyggð.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna snjóflóðavarnargarðs undir Klifi. Skipulagsuppdrættir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar og hjá Skipulagsstofnun Laugavegi 166, Reykjavík frá 16. desember 2011 til 3. febrúar 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 3. febrúar 2012.

Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar Aðalstræti 63 eða á netfangið armann@vesturbyggd.is merkt „aðalskipulag Vesturbyggðar“. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Patreksfjörður, 14. desember 2011.
Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri.



VESTURBYGGÐ

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FIMMTUDAGUR

OPIÐ 10-22

**ALLAR
VERSLANIR**



**FISKBÚÐIN OKKAR
KÆST OG SÖLTUÐ SKATA**

995
KR. KG



**BÓNUS 900 GRÖMM
FORSÖÐNAR
KARTÖFLUR**

298
KR. 900 G



**KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAÐAR**

139
KR. KG



GRÍMS PLOKKFISKUR

998
KR. KG



**NORDANFISKUR
LÉTTISALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**

1998
KR. KG



**NORDANFISKUR
SALTFISKBITAR
BEINLAUSIR M.ROÐI**

898
KR. KG



**NORDANFISKUR REYKTUR
OG GRAFINN LAX (FLÖK)**

2398
KR. KG



**ALLAR VINSÆLUSTU
JÓLABÆKURNAR
FAERÐU Í BÓNUS**



**BÓNUS
GRAFLAXSÓSA**

298
KR. 350 G



EGILS PILSNER & THULE

79
KR. 1/2 LTR

**AFGREIÐSLUTÍMINN Í
VERSLUNUM BÓNUS
DAGANA FYRIR JÓL**
22.DES FIMMTUDAGUR 10-22
23.DES FÖSTUDAGUR 10-22
24.DES LAUGARDAGUR 10-14



**FRÁ STÓRUVÖLLUM
HAMSATÖLG**

359
KR. 250 G



**BÓNUS
RÚGBRAUÐSKUBBUR**

198
KR. 500 G

Gjafakort Bónus

Gjöf sem kemur að
góðum notum fyrir alla.



Gjafakortið er hægt að nota í verslunum
Bónus um land allt. Sparaðu tíma og
fyrirhöfn, gefðu gjafakort Bónus.
Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus,
Skútuvogi 13 sími 527 9000

BÓNUS BÝÐUR BETUR



Gómsæt eftirlíking af Gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði. Mynd: vikari.is.

Safnahúsið endurgert úr piparkökum

Hjónin Finnbjörn Birgisson og Linda Björk Harðardóttir í Bolungarvík eru miklir listamenn í eldhúsinu og hafa undanfarin ár „byggt“ piparkökuhús sem eru líkön af vel þekktum byggingum á norðanverðum Vestfjörðum. Í fyrra varð Félagsheimili Bolungarvíkur fyrir valinu en í ár er það Safnahúsið, sem einnig er þekkt sem Gamla sjúkrahúsið, á Ísafirði.

„Eins og sjá má á meðfylgjandi mynd hafa þau Linda og Finnbjörn vandað til verksins og lagt mikið í „byggingarnar“ og eflaust verður Gamla sjúkrahúsið borðað með bestu lyst yfir hátíðarnar líkt og Félagsheimilið í fyrra,“ segir á vikari.is.

Spurningin

Hversu miklu eyðir þú í jólagjafir?

Alls svöruðu 509.
Undir 50 þús.
sögðu 210 eða 41%
50-100 þús.
sögðu 165 eða 32%
Yfir 100 þús.
sögðu 134 eða 27%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á Þorláksmessu: Ákveðin vestlæg átt með éljum, en úrkomulítið um austanvert landið. Frost víða 0-5 stig.

Horfur á aðfangadag jóla: Hvöss suðaustanátt og slydda eða rigning, en úrkomulítið norðaustantil.

Vestlægari og el síðdegis.

Horfur á jóladag:

Líkur á suðvestanátt með éljagangi, en úkomulaust austanlands. Kólnar í veðri.

Styrkir FabLab um 6 milljónir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að leggja fram þrjár milljónir króna til reksturs stafrænnar FabLab smiðju á Ísafirði á næsta og þarnaesta ári. Framlagið er háð því að fleiri aðilar komi með framlög til rekstursins, að stofnframlög verði nægjanleg og að fyrir liggi áætlun um framvindu verkefnisins. Að því er segir í greinargerð bæjarstjórnar er gert ráð fyrir að félag verði stofnað um reksturinn á næstu vikum. Búið er að afla fjár til reksturs húsnæðið, tækja og

hræfnislagers fyrir um 20 milljónir króna. Eftir er að fjármagna starfsmann í 50-100% starf.

FabLab er hátækni smiðastofa með einföldum stýribúnaði og hagkvæmum lausnum sem gerir fólki á öllum aldri með lágmarks tækniþekkingu, kleift að hanna og smíða eigin frumgerðir af öllu tagi. „Hugmyndafræði FabLab er að færa hátæknilausnir í iðnaði og hönnun til einstaklinga og smáfyrirtækja þannig að þau geti á einfaldan hátt komið hugmyndum sínum um iðnframleiðslu í

framkvæmd. FabLab smiðastofa er vel til þess fallin að efla nýsköpun og þróun á litlum atvinnusvæðum. FabLab stofu á Ísafirði mætti nýta til kennslu í hönnun og smíði við Menntaskólann á Ísafirði, sem og við grunnskólana á Ísafirði, Bolungarvík, Súðavík, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Stofuna mætti einnig opna fyrir almenningi með skipulögðum hætti,“ segir í greinargerðinni.

Í undirbúningshópi verkefnisins starfa fulltrúar frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða, Bol-

ungarvíkurkaupstað, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Ísafjarðarbæ, Menntaskólanum á Ísafirði, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Pols Engineering og 3X Technology. Menntaskólinn og Nýsköpunarmiðstöðin óskuðu í október eftir aðkomu sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum að Fab Lab á Ísafirði. Þeir sem hafa heitið aðkomu að FabLab smiðjunni eru Menntaskólinn, Nýsköpunarmiðstöð, Vaxtarsamningur Vestfjarða, menntamálaráðuneytið og Iðnaðarmannafélag Ísafjarðar.



Fjórtán nemendur voru brautskráðir frá Menntaskólanum á Ísafirði við athöfn í Ísafjarðarkirkju á laugardag. Tveir útskrifuðust sem vélaverðir smáskipa og þrír sem sjúkraliðar. Úr A námi vélstjórnar útskrifaðist einn nemandi og einnig útskrifaðist einn vélvirki. Sjö luku stúdentsprófi, einn af raungreinabraut og sex af félagsfræðibraut. Við athöfnina fór fram tónlistarflutningur þar sem skólakór Mí kom meðal annars fram. Jón Reynir Sigurvinsson skólameistari ávarpaði nemendur og Hreinn Þorkelsson áfangastjóri afhenti verðlaun fyrir góðan námsárangur.

Ritstjórnargrein

Jólakertið

Þegar fyrstu tónar kirkjuklukknanna taka að hljóma á aðfangadag er sú hátíð gengin í garð, sem alla jafnan er beðið með mestri eftirvæntingu, ekki síst af barnanna hálfu, sem gjörn eru að tjá sig í söng um hver sé besti vinur þeirra. Fávíslegt karp fólks, sem telur sig í fullorðinna hópi, um hvenær (og hvar) börn megi fara með Faðirvorið, nær ekki til jólaanna.

Jólin eru margbrotin hátíð; á yfirborðinu sögð hátíð ljóss og friðar, hátíð fjölskyldunnar og barnanna öðru fremur; hátíðin sem valist hefur til gleðja nánustu ættingja og vini með gjöfum; gott mál meðan hófs er gætt. Því miður eru jólin þó ekki öllum tilhlökkunarefni. Margir kvíðir komu þeirra. Fyrir því kunna að vera margar og misjafnar ástæður.

Stundum er sagt að vistaskiptin frá jarðvistinni séu það eina sem tryggt er að bíði hvers og eins, þótt tímasetningin sé óviss, sem mest hugsast getur. Enginn veit sína ævina fyrr en öll er og ekkert er sjálf-sagt í valtri veröld. Jólin og aðrar stórhátíðir koma og líða hjá, burt séð frá heilsufari, efnahag eða ástvinamissi hvers og eins. Sakir þess hve jólin eru tilfinningarík í hugum flestra verður þörfin fyrir sam-hjálp um hátíðina meiri, einkum þegar ábjátar.

Geta má sér til um að afstöðu fólks til jólaanna megi rekja til þess sem barninu var kennt í æsku; sem því var innrætt, eins og það er

orðað í dag með neikvæðri merkingu. Mörg skáld hafa á fullorðins-árum tjáð sig með eftirminnilegum hætti um bernskujólin, hve ljóslifandi þau voru í hugum þeirra.

„Fullvel man ég fimmtíu ára sól, / fullvel meir en hálfra aldar jól, / man það fyrst, er sviptur allri sýt / sat ég barn með rauðan vasa-klút,“ Svo kemst Matthías Jochumsson að orði í upphafi kvæðis síns, Jólin 1891. Og ljóðinu lýkur skáldið svo: „Lát mig horfa á litlu kerten þín: / Ljósin gömlu sé ég þarna mín! / Ég er aftur jólaborðin við, / ég á enn minn gamla sálarfrið!“

Skólaskáldið, sem svo var kallað, Guðmundur Guðmundsson, yrkir um „Jólakertið“ hvernig hann missti sjónar á því, sjálfri vöggugjöfinni, í ólgusjó lífsins, þar sem gekk á ýmsu. Honum auðnaðist þó að finna það, og þar með eigið lífsgildi, þótt um síðir væri: „Og Guði sé lof, nú er ljósið kveikt / og ljómar við helgar tíðir; / þótt skar-ið sé lítið, lágt og veikt, / það lýsir mér heim um síðir!“

Í þeirri von að sem flestum takist að finna jólakertið, ljósið sem ber með sér frið og fögnuð jólaanna, sendir Bæjarins besta lesendum sínum og viðskiptavinum, nær og fjær, kveðjur og hugheilar óskir um gleðilega hátíð.

s.h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólguðu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is. **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, asta@bb.is. **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X



Sparisjóðurinn óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar

Frá fyrsta degi höfum við starfað eftir sömu gildunum.
Við þjónum viðskiptavinum okkar af umhyggju og styðjum
um leið við okkar heimabyggð. Enda eru viðskiptavinirnir
alltaf óskaplega ánægðir með okkur og við með þá.



SPARISJÓÐURINN
Bolungarvík - Suðureyri

Pögnin er skrítnust

Sarah Thomas er enskur mannfræðingur og kvikmyndagerðarkona sem stundum sést líka bjóða afríska muni á samkomum hér á Vestfjörðum. Blaðamaður BB settist niður með Söru á heimili hennar í Hnífsdal og fékk að heyra af kvikmyndaverkefnum hennar og því sem býr á bakvið afrísku munina.

Rataði svo vel

„Ég er mannfræðingur með masterspróf í etnógrafískri kvikmyndagerð. Ég kom fyrst til Íslands árið 2008 til að sýna heimildamynd sem ég hafði gert í Kenía og taka þátt í ráðstefnu á vegum NAFA. Þá hitti ég þau Ómar Smára og Nínu á Ísafirði í gegnum sameiginlegan kunningja okkar. Eitthvert kvöldið bakaði ég fyrir þau rabbarbaraköku og þeim fannst ég rata svo vel um eldhúsið að þau buðu mér starf í Landmannalaugum næsta sumar. Þar höfðu þau löngum haft búð í gömlum strætisvagni þar sem hægt var að kaupa vistir og flest annað fyrir fjallveru. Ég var kolfallin fyrir landinu og þekktist boðið strax. Ég var reyndar svo æst í að upplifa Ísland aftur að ég kom sama sumar til að athuga með vinnuna. Þar hitti ég Orra og við erum að fara að gifta okkur á næsta ári.“

Etnógrafískt ferli

Sarah og Orri lögðust í flakk um heiminn en hafa nú keypt Bogguhús í Hnífsdal og búið þar frá því í nóvember á síðasta ári. Þar undirbýr Sarah sína næstu heimildamynd. En hver er munurinn á etnógrafískum heimildamyndum og venjulegum?

„Sá sem vinnur etnógrafískt er yfirleitt talsvert lengur í undirbúningsfasanum, kynnist umfjöllunarefninu og vinnur hugmyndina nánast innan frá. En sá sem gerir „venjulegar“ heimildamyndir leggur upp með ákveðna hugmynd og sækir hana, reynir að fanga hana. Ég vinn ekki með fyrirframgefnar hugmyndir heldur reyni að falla inn í umhverfið, læra málið, osfrv. Ég byrjaði aðeins að skjóta síðasta sumar og er enn að komast að því hvert það mun leiða mig.“

- Hvað geturðu verið lengi í þessum fasa?

„Það er misjafnt en í mínu tilviki er þessi undirbúningur nánast persónulegt ferðalag þar sem ég ætla að giftast íslenskum manni og vil því bæði kynnast umhverfinu hér vel og geta talað íslensku

í framtíðinni. En maður verður líka að treysta þessu ferli og veðja á að maður beinlínis finni á sér hvenær maður viti um hvað maður ætlar að fjalla og hvenær er rétt að ráðast til atlögu. Ein af þeim myndum sem ég er nú þegar farin að sjá fyrir mér gæti fjallað um fólk hér á svæðinu sem veiðir sér til matar eða elur dýrin sem það borðar. Og önnur gæti fjallað um ákveðið gamalt hús í Djúpinu þar sem hversdagurinn og náttúr-

hátt upp á hálsinn þykir stúlkan tilbúin í hjónaband. Í útskriftarmyndinni les ég í nokkur svona hálsskraut og rek sögur stúlkanna. Þetta er myndin sem ég sýndi hér árið 2008.“

- Búa foreldrar þínir enn í Kenía?

„Já, þau eru þar enn. Þau komu í heimsókn á síðasta ári og þegar þau stigu út úr Fokkernum á Ísafirði fór ég með þau beint í sund á Suðureyri. Það voru nokkur

í geltandi hundum og krökkum að leika sér. Hér eru það helst hrafnarnir sem eru með læti.“

Sarah er greinilega heilluð af hröfnunum. „Þeir eru ótrúlega miklar týpur og skemmtilegir. Bogga sem bjó hér í þessu húsi í 70 ár gaf þeim alltaf og ef hún gleymdi því bönkuðu þeir á þakið. Síðan tók tengdasonur hennar við en nú sjáum við um að gefa þeim. Enda mikilvægt að viðhalda þessari hefð hér í

unnir hlutir,“ segir Sarah.

„Hagnaðurinn af sölnunni rennur svo til eins ákveðins drengs í Kenía. Hann er yngstur sjö systkina og búinn að missa pabba sinn. Það er sérstaklega slæmt í Kenía því mæðurnar vinna ekki fyrir peningum. Þannig að allur hagnaðurinn af sölnunni fer í að borga fyrir menntun hans. Þótt þetta séu ekki miklir peningar skipta þeir öllu máli. Og það verður ekkert eftir hjá einhverjum góð-



an fléttast fallega saman, eins og víðar í sveitum landsins.“

Uppalín í Kenía

Sarah ólst upp í Kenía og þar gerði hún útskriftarverkefni sitt í kvikmyndagerð.

„Ég fluttist þangað með foreldrum mínum þegar ég var 10 ára og bjó þar í átta ár. Við vorum nálægt Nairobi en mig langaði alltaf lengra út í náttúruna og kynnast lífi ættflokka betur. Ég hef lengi verið áhugasöm um líkamslist og ég vissi að ákveðinn ættflokkur notar hálssfestar úr perlum á mjög sérstakan hátt. Ungar stúlkur fá gefnar festar við ákveðin tilefni sem þannig hlaðast upp í kringum háls þeirra. Hver festi táknar ákveðinn atburð, til dæmis umskurð og þannig er hægt að rekja sögu stúlkunnar í gegnum hálsskrautið sem hún ber. Þegar það nær ákveðið

viðbrigði fyrir þau að koma út úr klefanum, stíga berfætt í snjó og átta sig á að um útilaug væru að ræða. Það var eiginlega alveg frábært,“ segir Sarah og glottir stríðnislega. „En þau kunnu líka vel við sig í heita pottinum.“

Sarah viðurkennir að það hafi verið átak að koma sér fyrir á Vestfjörðum eftir að hafa alist upp í Afríku.

„Ég bjóst aldrei við að búa norðar en á Englandi. En þetta er annar veturinn minn hér og ég vona að ég sé betur í stakk búin fyrir janúar og febrúar í þetta skiptið. Þeir mánuðir slógu mig út af laginu í fyrra og ég var nánast alltaf þreytt. Pögnin hér er líka skrítn. Þegar þú ert á rólegum stað á Englandi heyrirðu samt þytinn í trjánunum. Reyndar heyrir maður stundum í hafinu hér í staðinn en ég hef samt aldrei upplifað aðra eins þögn. Í Kenía ólst ég upp við að heyra stöðugt

Bogguhúsi.“

Afrísk jól


Sarah hefur gert aðra athyglisverða heimildamynd um samband fólks og skógargrafreita á Englandi, sem sýnd var á Skjaldborg á þessu ári. Nýlega hélt hún ljósmyndasýningu í Edinborgarhúsinu en nú hefur hún reist hálfgerða búð í einu herbergi Bogguhúss og raðað þar upp afrísku mununum.

„Suma af þeim gerði ég sjálf. En mér finnst það að setja saman svona hluti ekki ósvipað því og að klippa kvikmynd. Maður þarf að velja og raða saman. Sumir eru gerðir af vinum mínum en auk Kenía kemur þetta frá Eþíópíu, Indlandi og Zanzibar. Munirnir eru unnir úr strútaeggjum, beinum, kókosshetum, endurunnum tímaritum og mörgu fleiru. Allt náttúrulegir og hand-

gerðarsamtökum, ég sé til þess sjálf að hver króna skili sér á réttan stað,“ segir Sarah.

„Ef einhver vill koma heim-sækja þessa búð, heyra sögurnar á bakvið munina og kannski gera svolítil jólainnkaup í leiðinni er um að gera að hafa bara samband við mig. Og ef vinahópar vilja fá mig til sín mæti ég glöð með munina. Þannig getur fólk átt skemmtilegt og fróðlegt kvöld með vinum og látið gott af sér leiða á sama tíma,“ segir Sarah og biður blaðamann að lauma símanum sínum og netfangi í viðtalið þar sem hún er ekki í skránni. (Sími: 6183523 - sunthi moksha@yahoo.co.uk)

-Heldurðu jól hér í Hnífsdal?
„Já, við verðum í Hnífsdal enda mun jólalegra hér en í Kenía. Þar forðar maður sér á ströndina um jólin. Maður getur nefnilega alveg fengið nóg af gervisnjó,“ segir Sarah. —Huldar Breiðfjörð.



*Óskum viðskiptavinum okkar,
samstarfsaðilum og Vestfirðingum öllum,
glæðilegra jóla og farsæls komandi árs!
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða!*



**VESTFIRSKIR
VERKTAKAR**



48 milljónir í sjóvarnir

Áætlað er að ríkið veiti Ísafjarðarþæ 29,2 milljónir króna vegna sjóvarna á næstu tveimur árum. Þetta kemur fram í samgönguáætlun fyrir árin 2011-2014 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Þar af fara 9,2 milljónir til styrkingar á sjóvörn á Brimnesvegi á Flateyri auk þess sem sjóvörnin verður hækkuð um 1,2 metra. Á næsta ári fara 20 milljónir króna í styrkingu sjóvarnar sem verður framhaldið á Flateyri við Brimnesveg og Oddagötu og við framkvæmdir neðan fiskvinnslunnar Klofnings á Suðureyri.

Á áætlun ársins í ár renna 8,5 milljónir til framkvæmda norðan við Brjótinn í Bolungarvík. Árið 2014 er á ætlun að veitt verði fjárveiting sem nemur 6,5 milljónum króna vegna framlengingar á sjóvörn við Rífshausinn á Hólmavík og 6,5 milljónir vegna framkvæmda við Arnarbakka á Bíldudal.

smáar

Til leigu er nýlega uppgerð 53m², 2ja herb. íbúð að Miðtúni 27 á Ísafirði. Frekari upplýsingar í síma 861 0042.

Á ekki einhver hlaupabretti sem er fallið í ónáð. Vantar eitt slíkt. Uppl. í síma 456 4802 (Salvar).

Tapast hefur gullhringur með rauðum steini á Ísafirði. Finnandi vinsamlegast hafi samband við Jens Jónsson kokk í síma 456 3907 eða 847 8507. Fundarlaunum heitið.

Framlög vegna útgjaldajöfnunar hækka

Innanríkisráðherra hefur samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áætlaða heildarúthlutun útgjaldajöfnunarframlaga á árinu 2012 að fjárhæð 4.750 m.kr., að því er fram kemur á vef innanríkisráðuneytisins. Framlög til sveitarfélaga á Vestfjörðum koma til með að hækka í flestum tilfellum.

Framlög vegna útgjaldajöfnunar til Ísafjarðarþæjar koma til með að hækka um rúmar 31 m.kr. og verða 208 m.kr. á næsta ári. Ísafjarðarþæ fær greiddar tæpar 134 m.kr. vegna íbúafjölda á næsta ári en það er um 20 m.kr. hækkan frá árinu 2011. Þá hækka framlög vegna fjarlægða innan

sveitarfélaga og fjölda þéttbýlistaða um 2 m.kr. Framlög vegna fækkun íbúa hækka um rúmar 5 m.kr. og framlög vegna snjómokstur í þéttbýli um 1,6 m.kr.

Bolungarvík fær greiddar rúmar 45 m.kr. í útgjaldajöfnun sem er tæpum 10 m.kr. herra framlag en kaupstaðurinn fékk í fyrra. Framlög vegna íbúafjölda hækka um 4 m.kr. og verða á næsta ári um rúmar 36 m.kr. en Bolungarvík fær 4,9 m.kr. á næsta ári vegna fækkunar íbúa. Þá hækka framlagið vegna snjómokstur um tæpa hálfa m.kr.

Vesturbyggð fær greiddar rúmar 75 m.kr. í útgjaldajöfnun sem er rúmum 9 m.kr. meira en í

fyrra. Mesta hækkanin verður vegna framlaga vegna íbúafjölda sem hækka um rúmar 4 m.kr. og vegna framlaga vegna fjarlægða innan sveitarfélagsins sem hækka um 3 m.kr. Þá fær Tálknafjarðarhreppur greiddar rúmar 16 m.kr. í útgjaldajöfnun sem er rúmum 2 m.kr. meira en í fyrra og framlög til Árneshrepps fara úr 291 þ.kr. í 1,6 m.kr. Framlög vegna íbúafjölda hjá hreppnum hækka um 741 þ.kr. og framlög vegna fjarlægða innan sveitarfélagsins um 264 þ.kr. Þá koma framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli til með að hækka um 322 þ.kr.

Heildarframlög vegna útgjaldajöfnunar til Reykhólahrepps er

svipaður og í fyrra, 41 m.kr., en nokkrar breytingar eru þó á framlaginu. Framlög vegna fjarlægða innan sveitarfélagsins hækka um tæpar fjórar milljónir en framlög vegna skólaaksturs úr dreifbýli koma til með að lækka um rúmar 4 milljónir. Framlög vegna útgjaldajöfnunar til Súðavíkur verða svipuð og í fyrra eða 39 m.kr. Framlög vegna fjarlægða innan sveitarfélagsins hækka um 1,6 m.kr. en framlög vegna skólaaksturs lækka um 1,6 m.kr. Þá verða framlög til Kaldraneshrepps svipuð og í fyrra eða 10 m.kr.

– asta@bb.is

Sjómenn í Verk Vest!



Aðalfundur sjómannadeildar Verk Vest verður haldinn 26. desember kl. 17:00 í húsi félagsins að Pólgötu 2 á Ísafirði.

Dagskrá:

1. Kosning deildarstjórnar
2. Staða aðalkjarasamnings ASV
3. Kjaraviðræður smábatasjómannna
4. Önnur mál

Enn eitt aflametið

Aflametið var enn á ný slegið í Bolungarvík í nýliðnum mánuði er 1.734 tonn af óslægðum bolfiski var landað í Bolungarvíkurhöfn. Á fyrstu þremur mánuðum fiskveiðisins hefur aflamet verið slegið mánaðarlega.

Aflinn þessa þrjá mánuði fór yfir 5.100 tonn eða rúmlega 1.700 tonn að meðaltali í hverjum mánuði. Línuskipið Þorlákur ÍS var aflahæst í nóvember með 181 tonn en næstir koma línubátarnir Hrólfur Einarsson ÍS með 141 tonn, Sirrý ÍS með 139 tonn, Vilborg ÍS með 133 tonn, Einar Hálfðans ÍS með 128 tonn og Guðmundur Einarsson ÍS með 117 tonn.



Við óskum Samfylkingarfólki og öllum íbúum Norðvesturkjördæmis gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður



Þingmenn Vinstríðreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi óska Vestfirðingum og öðrum íbúum kjördæmisins gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Við þökkum samstarfið og stuðninginn á árinu sem er að líða.



Jón Bjarnason
Lilja Rafney Magnúsdóttir
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
Telma Magnúsdóttir

Flokkum sorp – það skiptir máli

Tryggjum gott aðgengi að sorptunnum
Mokum frá tunnum og auðveldum sorphirðuna



Húsráðendum ber að tryggja gott aðgengi að sorptunnum og ennfemur að frágangur þeirra sé vandaður. Lausar tunnur sem fjúka og eyðileggjast eru á ábyrgð húsráðenda, því ráðleggjum við vandaðan frágang á sorptunnum, gott aðgengi og festingar sem fljótlegt er að tengja og aftengja.

ENDURVINNSLUTUNNAN

Bylgjupappi

Allir pappakassar sem hafa bylgjaðar brúnir, t.d. pizzukassar.

Fer beint í tunnuna án umbúða.

Mikilvægt að hreinsa matarleifar áður en sett er í tunnu.

Dagblöð/Tímarit

Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar prentpappír.

Fer beint í tunnuna án umbúða.

Sléttur pappi

Morgunkornspakkar, eggjabakkar og hólkar úr pappísrúllum.

Fer beint í tunnuna án umbúða.

Fernur

Fernur undan mjólk, safu, djús, rjóma, undanrennu, grautum o.s.frv. skal skola og þerra. Til að minnka ummál er mikilvægt að setja fernur ofan í hvora aðra. Fer í tunnuna í plastpoka.

Plast

Allar plastumbúðir með ákveðnum (sjá bls. 7) merkingum. Fer í tunnuna í plastpoka. Mikilvægt að fjarlægja matar- og efnaleifar. Athugið frauðplast fer ekki í endurvinnslutunnuna.

Málmar

Smáhlutir úr málm, t.d. niðursuðudósir, álpappír, krukkulok og sprittkertakoppar. Fer í tunnuna í plastpoka.

Allar nánari upplýsingar um sorpflokkunina er að finna á heimasíðu Kubbs ehf. www.kubbur.is



Sími: 456-4166 | www.kubbur.is | kubbur@kubbur.is

Hjólaði burt frá hausverkjum

Í bókinni *Hjólabókin, dagleiðir í hring á hjóli* sem Vestfirski forlagið gefur út er fjallað um 14 hjóleiðaleiðir á Vestfjörðum. Blandaður hitti höfundinn Ómar Smára Kristinsson nývaknaðan á heimili sínu eftir að sá hafði vakað langa nótt yfir lokafrágangi svo senda mætti bókina í prentsmiðju. Hann var glaður í sinni, enda nýbúinn að fréttu að Menningarráð Vestfjarða hefði ákveðið að styrkja útgáfu bókarinnar.

Hægð, hljóð og lykt

„Ég starfa sem teiknari og er því kyrrsetumaður. Það er engum hollt að lifa þannig og ég var orðinn hausverkjasjúklingur. Þótt ég hafi átt að vita það sjálfur þurfti lækni til að segja mér að fara að hreyfa mig. Því byrjaði ég að fara í fjallgöngur. Fyrir tveimur árum fékk ég lánað hjól hjá frænda mínum og þá fékk ég hjólabakteríuna,“ segir Ómar Smári.

Aðspurður hversvegna menn fái delli fyrir hjóleiðum segir Ómar Smári að líklega sé það hraðinn - eða hægðin. „Einhvern tíma þegar ég var að þvælast uppi á fjöllum með Nínu, konunni minni, þurftum við að fylgja traktor sem var að flytja vegavinnuskúr sem átti að vera heimili okkar næstu tvo mánuðina. Hraðinn á bílnum var svona 20 kílómetrar á klukkustund og þá skynjaði ég að þetta er rétti hraðinn til að ferðast á. Ég stakk því upp á að við ferðumst um landið á þessum hraða þótt við gerðum það nú svo sem ekki þá. En nú er ég byrjaður á því. Ekki bara að ég geti virt fyrir mér landið á hæfilegum hraða heldur heyrir ég líka í náttúrunni og finn lykt.“

Átta ára plan

Í bókinni eru útskýrðar 14 hjóleiðaleiðir á Vestfjörðum. „Ég er búinn að fara allar leiðirnar í bókinni. Í henni er miðað við að hægt sé að fara hverja leið á einum degi og að þær séu hringleiðir. Með hverri þeirra fylgir sérstakur kaflar þar sem finna má tillögur að einhverju fleira að gera í grenndinni, hvort sem fólk vill fara í fjallgöngu eða bæta á sig smærri hringjum og útúrdúr-um.“

Ómar Smári segir að vinnan við bókina hafi tekið fremur

skamman tíma.

„Já, það er svo stutt síðan ég fékk þessa bakteríu. Ég er að nýta mér orku og ánægju þess sem er nýkominn með einhverja delli. Nota neistann á meðan hann er þarna. En ég vona að ég hafi hjóladelluna allavega í sjö ár í viðbót. Það liggur allt landið undir og ég er kominn með 8 ára plan. Þegar ég er svo búinn að hjóla um alla landslutana hafa örugglega orðið til nokkur hundruð hugmyndir. Blóðið flæðir svo vel til heilans á meðan maður hjólar.“

Erfið Vatnsdalsleið

Bókin er öll á íslensku en ensk þýðing fyrir ferðamenn er væntanleg eftir áramót. Finnst Ómari Smára vakning í hjóleiðum á Íslandi? „Já, það er eitt af því jákvæða sem fylgir kreppunni. Fólk er að spara en svo er líka að laumast meiri umhverfisvitund í undirvitundina.“

- Áttu einhverja uppáhaldsleið í bókinni?

„Þær eru mjög misjafnar og það fer eftir því í hvernig skapi ég er hver hvað verður fyrir valinu. Ég átti frábæran dag í Kaldrananeshreppi og annan frábæran í Árneshreppi, en sú leið reyndi á. Þegar ég þarf að vera töffari í karlapartíum tala ég um hringleiðina í kringum Vatnsdal því hún er svo erfið. En í bókinni er Svalvogaleiðin fyrsta leiðin sem ég lýsi, enda er hún svo frábæra skemmtileg.“

Ómar Smári segir leiðirnar frá því að vera rúmur klukkutími og upp í rúmlega hálfur sólarhringur. „Rúmur klukkutími er náttúrulega engin dagleið en þá bæti ég við fleiri útúrdúrum og öðru sem fólk getur bætt á sig á leiðinni. Það finna allir eitthvað við sitt hæfi í bókinni en helmingurinn af þessu er ekki fyrir nema fólk á fjallahjóli með ágætt þol og einhverja reynslu. Fólk getur líka haft hugfast að höfundur bókarinnar er rúmlega fertugur með bumbu.“

- En eru hausverkirnir horfnir?

„Já, nánast. Ég er orðinn miklu heilsuhraustari en ég var. Þótt maður noti klukkutíma á dag í heilsurækt verður manni meira úr verki þegar maður heldur heilsu. Fyrir utan hvað það er miklu skemmtilegra að lifa þegar maður er í lagi.“

- Huldar Breiðfjörð.



Á áttunda hundrað tonn af rækju hafa veiðst í Ísafjarðardjúpi í haust

Rúmlega 776 tonn hafa veiðst af 1000 tonn rækjukvóta í Ísafjarðardjúpi frá því veiðar voru leyfðar á ný í haust eftir níu ára hlé. Valur ÍS frá Súðavík er aflahæsti rækjubáturinn en hann hefur komið með 159,2 tonn að landi. Halldór Sigurðsson ÍS frá Ísafirði er næst aflahæstur með 139,8 tonn og Gunnvör ÍS frá Ísafirði fylgir honum fast á eftir með 138,1 tonn og Byr ÍS frá Ísafirði er kominn með 111,6 tonn. Allir þessir bátar landa í Súðavík. Aldan ÍS frá Ísafirði er komin með 104,8 tonn. Halldór Sigurðsson ÍS, Byr ÍS og Aldan

ÍS eru hætt veiðum.

Markús ÍS frá Flateyri hefur landað 80,8 tonn af rækju á árinu, Sæbjörn ÍS frá Bolungarvík er kominn með 32,7 tonn og Páll Helgi ÍS frá Bolungarvík hefur landað 9,8 tonn af rækju á árinu. Hann er eini báturinn sem var við veiðar áður en þær voru bannaðar árið 2003. Brynjar BA er aflahæstur þeirra sbáta sem hafa verið við rækjuveiðar í Arnarfirði á árinu. Hann hefur landað 60,3 tonnum á árinu, Andri BA er kominn með 43,8 tonn, Höfrungur BA er með 32,7 tonn og Ýmir BA er kominn með 6,4 tonn.

Allir þessir bátar eru frá Bíldudal. Eins og kunnugt er lagði Haf-rannsóknastofnun til bann við veiðum í Arnarfirði í október vegna mikils magns af þorsk- og ýsuseiðum.

Gunnbjörn ÍS frá Bolungarvík er aflahæsta vestfirska úthafs-rækjuveiðiskipið á árinu með 855,5 tonn.

Eygló ST frá Hólmavík er í öðru sæti með 439,9 tonn, Valbjörn ÍS frá Bolungarvík er þriðji með 342,1 tonn og Ísborg ÍS frá Ísafirði er fjórða hæst með 249,2 tonn.

— asta@bb.is



Guðmundur Konráðsson skipstjóri á Halldóri Sigurðssyni ÍS, með rækju úr Ísafjarðardjúpi.

39 milljónir til flugvalla á Vestfjörðum

Ráðgert er að verja sjö milljónum króna í flugleiðsögubúnað á Ísafjarðarflugvelli og 32 milljónum króna á Bíldudalsflugvelli árið 2014 samkvæmt þingsályktunartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011 til 2014 sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Áætlunin er hluti af og innan ramma stefnumótandi samgönguáætlunar 2011–2022 þar sem mörkuð er stefna og mark-

mið fyrir allar greinar samgangna næstu tólf árin. Ekki er gert ráð fyrir öðru fjármagni til flugvallanna á Vestfjörðum á tímabilinu. Engu fjármagni verður varið í nýframkvæmdir vegna flugbrauta, öryggissvæða eða bygginga á flugvöllum á Vestfjörðum næstu þrjú árin samkvæmt áætluninni, né verður fé varið í ljósabúnað.

Þá verður engu fjármagni varið

í Gjögurflugvöll í Árneshreppi vegna fyrrnefndra þátta. Staðan í samgöngumálum í Árneshreppi var rædd á fundi sveitarstjórnarmanna og þingmanna á Hólmavík í október. Á fundinum bentu sveitarstjórnarmenn m.a. á alvarlega stöðu í samgöngumálum í hreppnum en þeir telja að bæði flugvöllurinn og vegurinn í hreppnum séu mjög illa farin.

— asta@bb.is

400 tonn af loðfóðri frá Vestfjörðum

Rúmlega 400 tonn af fyrsta flokks frystu hráefni í loðfóðri fór á föstudag frá Vestfjörðum áleiðis til Danmerkur. Það er sjávarútvegsfyrirtækið Klofningur ehf. á Suðureyri sem hefur unnið fóðrið en starfsmenn

fyrirtækisins taka á móti hráefni úr fiskvinnslum á norðanverðum Vestfjörðum, forvinna það og frysta. Klofningur ehf., er með samskonar starfsemi á Tálknafirði sem þjónustar sunnanverða Vestfirði. Einnig starfrækir Klofningur

afkastamikla þurrkun á Suðureyri og á Brjánslæk.

Starfsmenn Hraðfrystihússins Gunnvarar hf. í Hnífsdal og Klofnings ehf., hófust handa á föstudag við útskipun í flutningaskipið Axel.

— asta@bb.is

Ísafjarðarbær greiðir 76% af kostnaði leikskólanna

Áætlaður kostnaður við rekstur leikskóla Ísafjarðarbæjar verður 314 milljónir króna á þessu ári að því er fram kemur í mánaðarskýrslu sveitarfélagsins fyrir desember. Ísafjarðarbær rekur fimm leikskóla, tvo á Ísafirði og einn á Flateyri, Suðureyri og á Þingeyri. Áætlaður kostnaður vegna launa og launatengdra gjalda nemur 245 milljónum króna eða 78%

að heildarkostnaði við rekstur skólanna. Áætlað er að 22 milljónir króna fari í kostnað vegna matvæla eða 7% af heildarkostnaði. Kostnaður vegna húsnæðis er einnig 22 milljónir króna. Þá er kostnaður vegna rafmagns og hita áætlaður þrjár milljónir króna eða 1% af heildarkostnaði.

Foreldrar sem nýta sér þjónustu leikskóla greiða annars

vegar vistgjöld fyrir börnin og hins vegar fæðiskostnað. Vistgjöld forelda árinu verða um 53 milljónir eða 17% af kostnaði við rekstur leikskólanna og fæðiskostnaður um 23 milljónir króna eða 7%. Afgangurinn, 238 milljónir eða 76% af kostnaði við rekstur leikskólanna kemur úr bæjarsjóði.

— asta@bb.is

FÉLAGSFUNDUR VM

Félags vélstjóra og málmtæknimanna



VM heldur félagsfund á Ísafirði föstudaginn 30. desember.



ÍSAFJÖRÐUR

kl.: 12:00 til 14:00

Fundarstaður: Guðmundarbúð



DAGSKRÁ:

1. Málefni félagsins
2. Staðan í kjaramálum sjómanna
3. Önnur mál.

Nánari upplýsingar á heimasíðu VM, www.vm.is.



- okkur er annt um þinn hag

VM-FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • 575 9800 • www.vm.is

Nýlega kom út bók um flugslysið sem varð í Ljósufjöllum árið 1986. Þá hrifsuðu fjallavindar til sín vél sem var á leið frá Ísafirði til Reykjavíkur með þeim hörmulegu afleiðingum að fimm létust. Tveir farþeganna lifðu af en þurftu að bíða eftir hjálp á elleftu klukkustund. Annar þeirra er Bolvíkingurinn Kristján Jón Guðmundsson. Blaðamaður BB settist niður með honum til að ræða um flugslysið, sjómennsku og fleira.

Hef alltaf verið flughræddur

Venjulegur Bolvíkingur

„Foreldrar mínir eru fæddir hér í Bolungarvík en ættir þeirra koma einhversstaðar innan úr Djúpi. Pabbi var sveitarstjóri hér í kaptúninu og bæjarstjóri þegar Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi, allt til 1987. Annars er maður bara ósköp venjulegur Bolvíkingur,“ segir Kristján.

„Þegar ég var að alast upp hérna var alltaf uppsveifla, næg atvinna. Hún var minni fyrir sunnan svo að það var stöðugt að koma nýtt fólk. Núna höfum við eitthvað sem heitir kvótakerfi og búið að rígbinda þessa staði niður svo að nú verður aldrei uppsveifla. Það er reyndar uppsveifla í veiðum hérna. Fyrstu 3 mánuði kvótaársins er búið að veiða hér 5100 tonn en megnið af því er flutt suður. Hinsvegar má fólk ekki hafa augun lokuð fyrir þeim möguleikum sem þessi veiði skapar. Það þyrfti lítið að gerast til að eitthvað af þessum fiski yrði unninn hér. Þannig sköpuðust kannski 3-4 störf og það munar um minna hérna.“

Kristján bætir við að atvinnulífið í Bolungarvík sé of einsleitt. „Þetta er bara það sama gamla. Nú eru margir farnir að beita. Það er bara eins og það var á grunnskólaárunum. Þá skrópaði maður á fóstudögum og fór niður á höfn til að fá að beita. Þetta virðist allt fara í hringi.“

Hittinn á Reykjanesi

Kristján kláraði grunnskólann í Bolungarvík en fór svo í skóla á Reykjanesi.

„Það var fínt að vera þar. Á þessum tíma var fullt af fólki þarna. Ætli við höfum ekki verið svona 25 bara í mínum bekk en það voru fleiri bekkir í skólanum og svo var barnaskóli þarna líka. Á þessum tíma lá náttúrliga enginn vegur um Djúpið. Maður fór því í skólann um haustið með Fagranesinu, kom svo heim í jólafrí en svo ekki aftur fyrr en um vorið. Það var ekkert annað að gera en að standa á eigin fótum og finna sér eitthvað til dundurs. Hvort sem það var að spila fótbolta eða borðtennis, fara í sund

eða kíkja á stelpnavistina. Hormónarnir voru náttúrliga á fullu á þessum aldri. En kynin voru aðskilin og máttu bara heimsækja hvert annað á sunnudögum, í tvo tíma.

Mér fannst alltaf mikið til um allan þennan jarðhita á Reykjanesi. Það rauk upp úr úttröppunum og allsstaðar dundurheitt. Þetta var eins og vin í eyðimörkinni. Einhverntíma kom ég þarna aftur og hugsaði þá með mér að það hlyti að koma að því að einhver gæti nýtt heita vatnið þarna. Og núna skilst mér að einhverjir séu byrjaðir á að framleiða salt þarna með því að hita sjó. Það finnst mér gott mál. Landsbyggðin er orðin svo fátæk af fólki sem hugsar út fyrir rammann. Við hér erum meira bara í því að vinna enn meira. Gleymum stundum að staldra við og spyrja okkur hvort þetta sé það sem við fæddumst til að gera. En svona er þetta, það eru allir í brauðstritinu.“

Sólrún, Heiðrún og Dagrún

Eftir einn vetur á Reykjanesi fór Kristján á sjóinn. „Ég hafði róið á Sólrúnu sumarið áður en ég fór á Reykjanes og þegar ég kom þaðan aftur fór ég beint niður á bryggju. Daginn eftir var ég kominn út á sjó. Þetta er auðvitað stærsta breytingin frá því sem var. Það var nóg að gera og miklu meiri eftirspurn eftir vinnukrafti en í dag. Ég var á skipum í Bolungarvík þar til togarinn Heiðrún var smíðaður en þá réði ég mig þar og það voru skemmtilegir tímar.“

Kristján gekk svo í Stýrimannaskólann en var á sjó í öllum fríum. „Ég kláraði Stýrimannaskólann 1980 en skráði mig þá í útgerðardeildina í Tækniskólanum og var þar í tvö ár. Því næst vann ég sem skrifstofumaður hjá ríkinu. Meðfram þessu var ég alltaf í fótboltanum, spilaði með Fylki. Ég hafði mjög gaman af því og átti reyndar erfitt með að hætta, spilaði þar til ég var 29 ára sem þótti hundgamalt á þessum tíma. Launin hjá ríkinu voru léleg og þar kom að ég réði mig aftur á

Dagrúnu. Ég var þá einn hér í Bolungarvík en konan var fyrir sunnan með börnin. En svo, árið 1986, varð þetta slys.“

Man ekki mikið

Þann 6 apríl árið 1986 steig Kristján upp í flugvélin TF-ORM á Ísafirði og ætlaði til Reykjavíkur. Vélin komst aldrei á áfangastað heldur brotlendi í Ljósufjöllum. Í hvaða erindum var Kristján? „Það var nú lítil þúfa sem velti því hlassi, en ég var á leið á Borgarspítalann. Einhverju áður hafði ég verið úti á sjó og skar mig illa svo að litli puttinn lá bara hreyfingarlaust þegar ég kreppti hendina, fylgdi ekki hinum fingrunum. Ég fór til Péturs Péturssonar sem þá var læknir hér. Hann skoðaði þetta og talaði við lækna á Ísafirði. Þeir sammæltust um að best væri að ég færi suður til að láta kíkja á þetta. Hann setti því á mig spelku og skrifaði bréf sem ég átti að sýna læknum fyrir sunnan. Þennan apríldag átti ég því pantað með Flugleiðum en svo flugu þeir ekki. Þá ákvað ég að taka litlu vélin með flugfélaginu Erni. Og endaði á Borgarspítalanum.“

Kristján segist ekki muna mikið eftir sjálfu slysinu en næstum 11 tímar liðu þar til björgunarsveitir fundu brak vélarinnar í vitlausu veðri í Ljósufjöllum. „Í bókinni sem er nýkomin út er ljósmynd af hrikalegu klettabelti og ég man eftir því. Sá það út um gluggann og var orðinn nokkuð viss um að ef vélin færi niður myndi enginn koma að ná í okkur, þarna langt upp í fjöllum. En svo er bara allt svart.“

– Þú hefur væntanlega rotast í brotlendingunni og verið í móki á meðan leit stóð yfir, eða hvað? „Já, það brotnaði það mikið í andlitinu að ég hlýt að hafa steinrotast. Ennið sprakk og allt andlitið gekk inn um einn sentímetra. Kjálkarnir fóru í sundur. Maður hefur kannski verið að kíkja út þegar maður átti að beygja sig niður.“

Á hækjum í 3 ár

Aðspurður hvað hafi tekið við

eftir að björgun var yfirstaðin, svarar Kristján: „Ég var í raun ekki svo lengi inni á spítala. En ég var auðvitað allur víraður í framan eins og Hannibal Lecter, bara innan frá. Og önnur löppin fór illa í slysinu, beinið snérist í sundur ofan við ökkla og löppin hékk bara á hásininni þegar þeir fundu mig. Þeir reyndu að skeyta henni saman en það var sveigja á beininu og hálfgerit vesen á þessu. Fingurinn sem ég hafði komið út af var það síðasta sem þeir lögðu.“

Einhverju seinna var ég settur í myndatöku og þá kom í ljós að styrktarjárnin á löppinni voru brotin og komin sýking í það allt. Þá fór maður á sjúkrahús aftur. Ég var líka á Grensás í 10-12 daga en tók aldrei annað í mál en að fá að vera dagsjúklingur, vildi fá að fara heim. Það voru ekki allir á eitt sáttir á sínum tíma og ég þurfti að hóta að hringja á lögregluna. Benti þeim á að þeir hefðu ekkert leyfi til að halda mér þarna. Þegar svo gífsið var tekið af hendinni þurfti ég að sýna þeim fram á að ég gæti bjargað mér á hækjum með því að fara upp 2-3 tröppur. Ég rennsvitnaði við það en vissi að þetta kæmi smám saman. Síðan var ég á hækjum meira og minna í 3 ár.“

Kristján og fjölskylda fluttu í Bolungarvík haustið 1986. „Maður þurfti náttúrliga alltaf að vera mæta suður til lækna, í skoðun og yfirhalingu. En haustið 1989 var ég kominn á Dagrúnu aftur. Þótt maður væri kannski aðeins hnjaskaður var bara að standa sig. Það var ekki til neitt annað um borð en fullt starf og ég gat gert það sem mér var ætlað að gera. Tveimur árum síðar var ég beðinn að taka að mér útgerðarstjórn hjá EG og gerði það. EG fór nú á hausinn, illu heilli. Þá var stofnað fyrirtækið Ósvör sem tók yfir togarann og ég var útgerðarstjóri þar þangað til það fyrirtæki var selt árið 1995. Þá fluttum við aftur suður.“

Kristján segir einfaldlega hafa verið komið að kaflaskilum hjá fjölskyldunni. „Elsta dóttir okkar var búin með grunnskólann og vildi fara í Verslunarskólann. Og

strákurinn var að byrja í skóla líka. Við tókum því þá ákvörðun að fara suður. Ég var reyndar eitthvað áfram á sjó, hjá Bása-felli, þar á meðal á Hattinum á Guðmundi Péturs. Síðan fékk ég alveg nóg af sjómennsku og skráði mig í iðnrekstrarfræði í Tækniháskólanum. Því næst fór ég í viðskiptafræði á vörustjórnunarsviði og kláraði það 2003. Í framhaldi af því fór ég að vinna hjá Atlaskipum og var þar til 2008. Þá fór auðvitað allt til fjandans.“

Leiðin upp

– En hvernig var sálræna hliðin eftir að hafa lent í flugslysi, tók ekki tíma að jafna sig?

„Það er náttúrliga rosalegt þegar fólk deyr með þessum hætti. Það létust fimm manneskjur í slysinu. En þetta er eitthvað sem maður ræður ekki við. Sjálfur gerði ég ekkert annað en að vera í vélinni. Af hverju á það að vera hræðilegra þegar eitthvað kemur fyrir mann sjálfan en annað fólk? Fólk er að farast í bílslys og sjólys um alla daga,“ svarar Kristján.

„Þannig að eftir slysið byrjaði maður bara á núlli. Eftir svona er það kostur að það er bara ein leið, hún er upp. Fyrst var að komast heim, síðan var að komast úr rúminu, á lappir og taka þetta skref fyrir skref. Og á meðan maður gerði það hugsaði maður með sér hvað það yrði nú gaman að losna við gífsið af fætinum. Smám saman kom þetta. Ég hef reyndar aldrei getað hlaupið aftur en þvílík frelsistilfinning sem fylgdi því á sínum tíma að geta loks brölt af stað.

Þegar ég var á Grensás hitti maður náttúrliga marga sem voru í hjólastólum. Og sjálfur var ég í hjólastól. En munurinn var sá að ég myndi standa upp úr honum. Hinir myndu aldrei gera það því þeir voru myndaðir af hægð og þessum. Ég gat leyft mér að hugsa sex mánuði fram í tímann og stefnt á að vera þá kominn á lappir. Þegar maður lendir í einhverju svona eru þær byrðar sem maður tekur á sig jafn þungar og maður vill hafa þær. Það er fullt af fólki sem hefur það miklu verr en ég, foreldrar

að missa börnin sín og fólk að glíma við alvarlega sjúkdóma, þannig að ég hef ekki yfir neinu að kvarta.“

- Hvernig var að stíga upp í flugvél í fyrsta skipti eftir slysið? „Maður varð bara að bíta á jaxl-inn, fara inn í vél og setjast. Svo tók náttúrulega við taugatrekkingur en ég hef alltaf verið flughræddur. Maður varð bara að klára þetta og vona að maður lenti á flugvelli. Yfirleitt gerist það, þannig að tölfraeðin vann með manni,“ segir Kristján og brosir.

Breytt ásjóna

Í slysinu skaddaðist andlit Kristjáns það mikið að ásjóna hans breyttist. „Maður venst því aldrei, ekki einu sinni á 25 árum. Þetta snýst ekki um að upplifa sig sem fallegan eða ljótan, heldur er það breytingin sem slík. Maður upplifir sitt gamla andlit þar til maður rekst á hið nýja í spegli. Ég var með há kinnbein og frammynnur en það breyttist allt. Breytingin hefur hinsvegar ekki plagað mig neitt sérstaklega. En bólgan var á annað ár að fara framan úr mér. Lagnirnar í andlitinu eru mikið til ónýtar og líkaminn var að skila beinbrotum í gegnum góminn löngu eftir slysið og lyktarskynið hvarf,“ segir Kristján.

„Síðastliðið vor byrjaði konan svo að tala um að það væri vond lykt úr annarri nösinni á mér. Ég fann líka sjálfur að ekki var allt með felldu. Ég fór því til læknis og endaði á að fara á þrjá sýkla-lyfjakúra. En það breyttist nú ekki mikið. Svo þegar ég var að vinna á Kópavogshöfn að festa upp innsiglingarljós fæ ég festinguna óvart í hausinn. Það var allt í lagi, ég varð bara aðeins ringlaður, en daginn eftir þegar ég var að snýta mér gekk allt í einu eitthvað ofan í kokið. Þegar ég fór að skoða það betur sá ég að þetta var bleðill sem mig grunar að sé silikónbótin sem var sett undir augað á mér árið 1986. Hún fannst nefnilega aldrei þegar átti að taka hana á sínum tíma. Konan staðfesti svo að þarna væri orsök lyktarinnar komin. En líkaminn losar sig við allt.“

Bók komin út

Nýverið kom út bók um flugslysið, Útkall - Ofviðri í Ljósu-fjöllum. Kom það Kristjáni á óvart þegar höfundurinn Óttar Sveinsson hafði samband við hann eftir öll þessi ár?

„Já, ég hélt nú að það væri búíð að tala nóg um þetta. Ekki að maður nenni því ekki en það er bara svo mikið af fólki sem á raunverulega bágt. Þetta er líka orðið gamalt mál. Nú eftir öll þessi ár spyr fólk mig stundum hvort ég sé svektur yfir að hafa lent í þessu. Svektur yfir hverju,

spyr ég. Yfir því að hafa lifað? Maður velur sér ekki hlutskipti. Það eina sem maður fær í vöggugjöf er öryggið um að maður deyr aftur.“

- Engu að síður hefðu sumir sokkið í sjálfsvorkunn eftir svona mikið áfall. „Já, kannski. En ég hef bara alltaf verið lífsglaður. Til hvers á maður að vera að þvælast hér og láta sér leiðast? Hver er tilgangurinn með því? Það hlýtur bara að vera skelfilegt að fara í gegnum lífið og leiðast,“ svarar Kristján.

„Oftast þegar fólk er spurt hvað sé mikilvægast í lífinu, svarar það börnin og fjölskyldan. En síðan er bara svo algengt að þetta sama fólk gleymi sér við streðið eða lífsgæðakapphlaupið. Fólk gleymir að lifa í núinu. Augnablikin koma ekki aftur og mér finnst ég alltof oft heyra fólk tala um eitthvað sem það ætlar að gera, einhverntíma. Fólk fékk kannski hugmynd um þrúgt en framkvæmir hana ekki fyrr en um fimmtugt. Þá slagkrafturinn löngu farinn, fólk orðið passívara og breytt og nýtur þess ekki eins og ef það hefði kýlt á hlutina á sína tíma. Fólk verður að lifa, grípa tækifærin, carpe diem.“

Breiðablik, ekki Fylkir

Kristján segir að hann hafi farið á „vergang“ eftir hrunið og gjaldþrot Atlaskipa á sínum tíma. „Eða svona, það var náttúrulega ferlega erfitt að finna vinnu á þessum tíma. Ég skellti mér á vigtarnámskeið og fór svo í það að leysa af á Kópavogshöfn sem hafnarvörður. Og nú er ég farinn að beita hér í Bolungarvík aftur. Við systkinin keyptum þessa íbúð í sumar og það þurfti að mála og laga aðeins til. Þannig að þegar ég var búinn að leysa af þarna á höfninni í Kópavogi ákvað ég að skella mér hingað vestur til að dunda við íbúðina. En þegar ég var kominn hingað bauðst mér að beita og ákvað taka því. Ég geri bara íbúðina upp aðeins hægar á meðan. Svo er ég orðinn landformaður líka. Þannig að það leggst ýmislegt til. Konan er róleg fyrir sunnan, í vinnu þar.“

- Hvort kanntu betur við þig hér eða í bænum? „Mér hefur alltaf líkað mjög vel að vera hér í Bolungarvík en mitt fólk, konan og börnin eru fyrir sunnan. Að öðru leyti finnst mér ég ekki vera að missa af neinu þar. Það eina sem ég sakna þegar ég er hér í Bolungarvík er að geta ekki farið á fótboltaleiki. Mér finnst gott að slaka á með því að fara á völinn.“

- Styðurðu þá Fylki? „Fylkir hefur nú verið mitt lið en ég verð eiginlega að segja Breiðblik því strákurinn minn er farinn að spila með meistaraflokki. Hann hefur spilað með Blikunum alveg síðan hann var 6 ára. Maður verður að



styðja sitt heimafólk.“

- Áttu mikið af vinum hér í Bolungarvík?

„Já, ég þekki mikið af fólki hérna og mamma er náttúrulega á Skýlinu. En það er líka mikið af fólki flutt í burtu. Heilu fjölskyldurnar eru farnar. Fyrst fóru börnin og síðan foreldrarnir. Það er auðvitað mikið af nýju fólki komið líka en mikið af því talar ekki enn íslensku. Það er mikilvægt fyrir þetta fólk að læra málið til að geta gengið inn í þjóðfélagið.“

Skata í Kópavoginum

Hvernig verða jólin hjá þér?

„Þau verða í Kópavoginum. Ég verð að vera kominn suður 22. desember því þá er árleg skótuveisla heima. Skata sem við erum að verka sjálfir hér í Bolungarvík. Hún er algjörlega ómissandi og auðvitað á hún að vera eins kæst og hægt er. Annars er svosem ekki mikið um hefðir í mínu jólahaldi. Þegar ég var lítill var jólamaturinn heima alltaf saltkjöt og kartöflustappa. Og þegar krakkarnir mínir voru litlir byrjuðum við konan mín á þessu, að borða saltkjöt á aðfangadag. En þegar krakkarnir eltust fóru þau að biðja um ham-

borgarahrygg og einhvern svona dæmigerðari jólamat. Í ár borðum við villigæs sem var skotin á Barðaströndinni. Og svo er hangikjötið auðvitað ómissandi um jólin. En svo finnst mér nú líka ágætt að fá steiktan fisk á einhverjum tímapunkti,“ segir Kristján og glottir.

Á eldhúsbordinu sem við sitjum við liggur bókin Gamlinginn. Ertu að lesa hana? „Nei, ég ætla að geyma mér hana fram að jólu-um. Mér skilst að þessi bók sé svo skemmtileg að maður hætti ekki fyrr en maður búinn með hana,“ segir Kristján að lokum.

- *Huldar Breiðfjörð.*



Grunnskólinn á Ísafirði.

Lægsta meðaltalið á Vestfjörðum

Skólar á Vestfjörðum voru með lægsta meðaltal í öllum greinum í samræmdum könnunarprófum sem haldin voru í haust. Samræmd könnunarpróf eru haldin í fjórða, sjöunda og tíunda bekk grunnskólanna en einungis eru birtar niðurstöður þegar 11 eða fleiri nemendur eru á bak við meðaltöl. Hæsta meðaltalið í íslensku í 4. bekk var í grunnskólinum í Reykjavík eða 30,4 en lægsta er, eins og fyrr segir, á Vestfjörðum eða 27,5. Skólarnir á bak við meðaltalið eru Grunnskóli Vesturbyggðar, þar sem meðaltalið er 24,2, Grunnskóli Bolungarvíkur þar sem meðaltalið er 27,5 og Grunnskólinn á

Ísafirði þar sem meðaltalið er 30,1. Hæsta meðaltalið í stærðfræði í 4. bekk eiga skólar á Suðurlandi og Vesturlandi en þar er meðaltalið 30,7. Á Vestfjörðum er meðaltalið 26,8 en bak við meðaltalið standa Grunnskóli Bolungarvíkur með meðaltalið 28,6 og Grunnskólinn á Ísafirði með 26,6.

Grunnskólar í Reykjavík og nágrenni eiga hæsta meðaltali í íslensku í 7. bekk. Meðaltal grunnskóla á Vestfjörðum er 28,1 en bak við reikningana er einungis Grunnskólinn á Ísafirði sem er með meðaltalið 28,9. Þá eiga grunnskólar í nágrenni við Reykjavík hæsta meðaltalið í

stærðfræði í 7. bekk eða 31,0 en á Vestfjörðum er meðaltalið 26,8. Bak við meðaltals útreikningana voru Grunnskóli Bolungarvíkur sem er með meðaltalið 27,4 og Grunnskólinn á Ísafirði sem er með 25,8.

Grunnskólar í Reykjavík og nágrenni eiga hæsta meðaltalið í íslensku í 10. bekk en meðaltal grunnskóla á Vestfjörðum er 26,4. Bak við meðaltalið standa Grunnskóli Bolungarvíkur með meðaltalið 26,7 og Grunnskólinn á Ísafirði með 26,3. Grunnskólar í nágrenni Reykjavíkur er með hæsta meðaltalið í stærðfræði í 10. bekk eða 30,9 en grunnskólar á Vestfjörðum eru með 26,2.

Grunnskóli Bolungarvíkur er með 25,5 í meðaltal en Grunnskólinn á Ísafirði 27,1. Þá er hæsta meðaltalið í ensku í 10. bekk einnig hjá grunnskólum í nágrenni við Reykjavík. Grunnskólar á Vestfjörðum eru með 26,9 í meðaltal en bak við útreikningana standa Grunnskóli Bolungarvíkur með meðaltalið 27,3 og Grunnskólinn á Ísafirði með 26,9.

Taka skal fram að meðaltöl eru ekki einkunn skólanna og geta þau verið ólík niðurstöðum einstakra nemenda, en hver árgangur er samsettur úr ólíkum hópi nemenda þar sem hlutföll sterkra og slakra námsmanna eru breytileg. Þannig getur meðaltal

skólans breyst milli ára vegna ólíkra nemendahópa þó svo að skólastarf sé með sama hætti ár frá ári. Allnokkrar sveiflur eru milli ára hjá minni skólum en sveiflur milli ára eru litlar hjá stærri skólum. Þegar úrtök eru lítil geta áhrif af breytileika milli úrtaka orðið töluverð. Það er af þessari ástæðu sem hæstu og lægstu meðaltöl sjást alla jafna hjá litlum skólum.

— asta@bb.is

Fá 2,5 milljónir í styrk

Vaxtarsamningur Vestfjarða hefur ákveðið að veita fyrirtækjunum Skútusiglingum ehf. og Fisherman ehf. styrki til markaðssetningu á afþreyingu til erlendra markhópa. Skútusiglingar ehf. sem notar nafnið Borea Adventures í markaðslegum tilgangi er ferðaskrifstofa sem býður upp á fjölbreytt úrval ævintýraferða um Vestfirði, austurströnd Grænlands og Jan Mayen. Fisherman ehf. er framsækið ferðaþjónustufyrirtæki á Suðureyri sem býður gestum upp á að upplifa atvinnumenningu Íslendinga með þátttöku og fræðslu.

Hvort fyrirtæki fær 2,5 milljónir króna auka stuðnings frá Icelandair í formi farmiða sem nýtast skuli í markaðssetningu. „Það bárust í heildina nfu umsóknir um styrkina og var valið erfitt. Ljóst er að mikil tækifæri eru fólgin í frekari uppbyggingu á afþreyingu í ferðaþjónustu enda öll verkefni áhugaverð,“ segir í tilkynningu. „Vaxtarsamningur Vestfjarða vill með þessum styrkjum styðja við uppbyggingu í ferðaþjónustu á Vestfjörðum þar sem það er einn af vaxtarbroddum í atvinnulífi svæðisins.“

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Súðavíkurhreppur

Grundarstræti 3 • Súðavík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Byggðastofnun

Ártorgi 1 • Sauðárkrúki

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Orkubú Vestfjarða

Stakkanesi 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Fiskvinnslan Íslandssaga hf. Freyjugötu 2 430 Suðureyri S. 456 6300 F. 456 6304

37 milljónir áætlaðar til ný-framkvæmda í Ísafjarðarbæ

Rúmlega 37 milljónir króna eru eyrnamerkar til ríkisstyrktra ný-framkvæmda í Ísafjarðarbæ í stjórnartillögu um fjögurra ára samgönguáætlun sem lögð var fyrir Alþingi í síðustu viku, þar af eru 22,6 milljónir í ár, 2,4 milljónir á næsta ári og 12 milljónir árið 2014. Samkvæmt frumáætlun Siglingamálastofnunar þar þyngst stálþilsbryggja við Mávagarð í ár sem hljóðar upp á 41 milljónir en þar af er hluti ríkisins 60%. Því næst kemur viðhaldsdýpkun í innsiglingarennu á um 15.000 m³ svæði sem nemur 20 milljónum en hluti ríkisins af því er 75%. Einnig er á áætlun samkvæmt tillögunni fimm milljónir vegna dýpkunar við Mávagarð í ár og fimm milljónir á næsta ári vegna umsáturs fyrir smábáta en ríkið greiðir 60% af



kostnaði við þessi tvö verk.

33,9 milljónir í Bolungarvík sem skiptist svo; 11,9 milljónir í ár, 12,4 milljónir á næsta ári og 9,6 milljónir árið 2014. Þar er

mesti kostnaðurinn við endurbyggingu stálþils við Brjót eða sem nemur 30 milljónum og er hluti ríkisins 40% af því. Um er að ræða undirbúning vegna

fremri hluta þilsins að því er segir í tillögunni. Því næst kemur endurbygging gömlu flotbryggjunnar á næsta ári en áætlaður kostnaður er 26 milljónum. Þá

eru 4 milljónir á áætlun ársins í ár vegna öldudempandi fláa næst Brjót og sjö milljónir endurröðun og styrking brimvarnar við Brjótinn.

– thelma@bb.is

Gleðileg jól



Hugheilar óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Starfsfólk Íslandsbanka



Vestfirskt kristalsjávarsalt komið í verslanir í Reykjavík

Kristalsjávarsalt sem framleitt er í Reykjanesi við Ísafjarðardjúpið mun fást í verslunum á Vestfjörðum í þessari viku. Eins og er fæst það eingöngu í Melabúðinni og Búrinu undir nafninu Saltverk Reykjaness. Þrír 27 ára frumkvöðlar hafa sett saltið á markað en það framleiða þeir á gömlum söltunarstað á Vestfjörðum. Í Fréttablaðinu segir að erfiðar aðstæður, mikil vinna og slys settu aldrei strik í reikninginn, því saltararnir voru ákveðnir í að láta nýsköpunardrauminn rætast.

„Tilfinningin er frábær,“ segir Yngvi Eiríksson í samtali við Fréttablaðið en hann er einn þriggja frumkvöðla sem í síðustu viku kynntu afurð sína í verslunum í fyrsta sinn.

Yngvi, Garðar Stefánsson og Björn Steinar Jónsson hafa unnið hart að því undanfarna mánuði

að láta drauminn rætast, en nýsköpunarhugmyndina fékk Yngvi fyrir þremur árum. „Kristalsjávarsalt er mjög vinsælt úti um allan heim og er til á mjög mörgum heimilum – mér fannst vanta íslenska útgáfu af því. Við höfum allir mikinn áhuga á matargerð þannig að við ákváðum að skoða möguleikann á að gera þetta bara sjálfir,“ segir Yngvi.

Eftir mikla rannsóknarvinnu, nýsköpunarstyrki og mastersritgerð sem Garðar skrifaði um verkefnið, fundu þremmenningarnir sér aðstöðu til söltunarinnar. Sú var yfirgefið fiskeldi á Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi, en á síðari hluta 18. aldar var einmitt saltframleiðsla á staðnum. „Við förum kannski ekki auðveldustu leiðina með því að velja að vera fyrir vestan, við hefðum getað gert hlutina á auðveldari hátt. En

við höfðum svo mikla trú á staðsetningunni, bæði út af sögunni og hreinleikanum á svæðinu. Viðtökurnar þar hafa líka verið alveg frábærar og við erum afskaplega þakklátir fyrir það og hjálpinu sem okkur hefur boðið,“ segir Yngvi, sem flutti á Vestfirði í sumar til að koma saltverkinu í stand og hefja framleiðsluna.

Saltararnir hafa haldið úti vefsíðu og leyft almenningi að fylgjast með ferlinu, en á meðal þess sem þurfti að gera var að koma heitu vatni á húsið sem hafði staðið yfirgefið í 20 ár, smíða gríðarstóra stálpönnu fyrir sjávarsuðuna og koma upp kerfi til þess að hægt væri að dæla upp sjó úr Ísafjarðardjúpi. Hindranirnar hafa verið þó nokkrar, Garðar brenndist illa á fæti og stálpannan var veðurteppt á Ísafirði, en strákarnir hafa ekki látið það



Saltverk Reykjaness er nú fáanlegt í verslunum eftir þó nokkrar hindranir. Mynd: saltverk.tumblr.com/.

stöðva sig.

Mikil vinna hefur verið lögð í ímynd vörunnar á sama tíma og framleiðslan var undirbúin, en ætlunin er að markaðssetja saltið

sem íslenska, umhverfisvæna hágæðavöru. Vörumerki fyrirtækisins og umbúðir saltsins voru hönnuð af íslenskum hönnuðum.

– thelma@bb.is



Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar afgreidd með 40 milljóna afgangi

Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2012 var samþykkt samhljóða á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Gert er ráð fyrir því að samstæða Ísafjarðarbæjar verði rekin með um 40 milljóna króna afgangi þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að afkoma Fasteigna Ísafjarðarbæjar og þjónusturýma aldrada verði samanlagt neikvæð um 100 milljónir króna. Áætlað

veltufé frá rekstri, sem er það fé sem eftir er til að greiða af lánunum og nýta til fjárfestinga, er um 375 milljónir sem er um 40 milljónir umfram afborganir skulda. Skuldastaða samstæðu Ísafjarðarbæjar er áætluð í árslok 2011 um 173% af ársveltu en ef skuldir Fasteigna Ísafjarðarbæjar eru teknar út fyrir sviga er hlutfallið um 135% sem er vel viðunandi.

Gert er ráð fyrir að skuldir verði greiddar niður um 200 milljónir og að fjárfest verði fyrir um 200 milljónir.

Almennt hækka gjaldskrár um 5%, en þó eru leikskólagjöld og fasteignaskattar undanskýldir. Þó hefur verið gerð sú breyting á að 4 klukkustunda fimm ára afsláttur í leikskólum verður felldur niður. Leikskólagjöld hafa nú

verið óbreytt í tvö ár. Fasteignagjöld hafa verið hækkuð 0,45% í 0,65% en vatnsgjald og holræsgjald hafa verið lækkuð sem því nemur svo gjöld húseigenda ættu að verða óbreytt.

Verulega á að draga úr launakostnaði bæjarins eða um rúmar 100 milljónir á milli ára. Það verður fyrst og fremst gert með því að draga úr yfirvinnu en

einnig er gert ráð fyrir að um 10 færri stöðugildi verði hjá sveitarfélaginu á árinu 2012 en voru á þessu ári. Það verður gert með því að draga úr ráðningum eins og hægt er þegar starfsfólk lætur af störfum.

Helstu fjárfestingar bæjarins á næsta ári verða bygging hjúkrunarheimilis og gerð ofanflóðamannvirkja. – thelma@bb.is



Hjúkrunarheimilið rís á Ísafirði á næstu tveimur árum.

Efna til samkeppni á hönnun hjúkrunarheimilis á Ísafirði

Ákveðið hefur verið að fara í tveggja þrepa samkeppni um hönnun nýs hjúkrunarheimilis sem fyrirhugað er að reisa á Ísafirði. Samkeppnin verður í samstarfi við Arkitektafélag Íslands. Í fyrra þrepi samkeppninnar verður forval þar sem áhugasamir arkistar og arkitektastofur skila

inn upplýsingum um fyrri verk og reynslu af sambærilegri hönnun og sýn til þessa verks. Umsækjendur verða metnir út frá fyrirfram ákveðnum skilyrðum og þeim gefin einkunn. Premur til fimm hönnuðum sem koma best út úr þeirri einkunnagjöf verður gefinn kostur á að skila

inn frumhönnun og verðhugmyndum og fá þeir greiddar 750 þúsund krónur fyrir þann hluta. Gert er ráð fyrir að samkeppnin verði auglýst milli jóla og nýárs.

Eins og greint hefur verið frá var samningur milli velferðaráðuneytisins og Ísafjarðarbæjar um byggingu 30 rýma hjúkrun-

arheimilis á Ísafirði, undirritaður 10. nóvember síðastliðinn. Hjúkrunarheimilið rís frá grunni á næstu tveimur árum en húsið mun standa að ofanverðu við Fjórdungssjúkrahúsið á Ísafirði. Bygging hjúkrunarheimilisins verður fjármögnuð með svokallaðri leiguleið. Hún felst í því að heima-

menn annast hönnun og byggingu heimilisins, sveitarfélaginu er tryggt fjármögnun framkvæmdanna með láni frá Íbúðalánasjóði en Framkvæmdasjóður aldraðra greiðir húsaleigu til 40 ára sem nemur 85% afborgunar af láninu. Áætlaðar greiðslur Framkvæmdasjóðs eru 60 milljónir króna á ári.

Bæjarlistamaður útnefndur á Þrettándanum

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur komist að niðurstöðu um val á bæjarlistamanni og mun tilkynna það við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði á Þrettándanum, þann 6. janúar. Óskað var eftir tilnefningum en hver sem er gat tilnefnt bæjarlistamann, svo lengi sem listamaðurinn hafi búið í Ísafjarðarbæ um tveggja ára skeið. Enginn bæjarlistamaður var valinn á vegum

bæjarfélagsins í fyrra en Marsibil Kristjánsdóttir var valin árið áður. Hún var sú tíunda í röðinni sem ber titilinn en fyrrum bæjarlistamenn Ísafjarðarbæjar eru:

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri og tónlistarmaður, Reynir Torfason, myndlistarmaður, Jón Sigurpálsson, myndlistarmaður og safnvörður, Harpa Jónsdóttir, rithöfundur og kennari, Vilberg Vilbergsson, rakari og tónlistar-

maður, Jónas Tómasson tónskáld og Elfar Logi Hannesson leikari, Pétur Tryggvi, silfursmiður og Baldur Geirmundsson, tónlistarmaður. Þá má geta þess að Ágúst Atlason var valinn í netkosningu á vegum Gallerýs Búrsins sem bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar í fyrra eftir að tilkynnt var að ekki var unnt að velja bæjarlistamann af hálfu bæjarins vegna fjárhagserfiðleika.

Atkvæðamisvægi landsbyggðar og höfuðborgarinnar eykst

Atkvæðamisvægi milli landsbyggðar og höfuðborgar mun aukast í næsta biskupskjöri vegna breytinga á kosningareglum sem Þjóðkirkjan hefur samþykkt. Áhrifin munu að miklu leyti færa frá prestvígðum mönnum til sóknarnefndarformanna en af 272 sóknum á landinu eru 235 á

landsbyggðinni. Formenn þeirra fá að kjósa en til þess að misvægið verði ekki of mikið landsbyggðinni í hag hefur verið ákveðið að bæði sóknarnefndarformenn og varaformenn á höfuðborgarsvæðinu fái að kjósa biskup en eingöngu sóknarnefndarformenn á landsbyggðinni.

Þetta þýðir t.d. að stærsta sókn landsins, Grafarvogssókn, sem er með meira en 14.000 sóknarbörn hefur tvö atkvæði í kjörinu, tvöfalt meira en Sæbólssókn í Þingeyrarprestakalli á Vestfjörðum, sem er með tvo íbúa og eitt atkvæði.

— asta@bb.is

Sex milljóna króna hagnaður

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps áttar að sveitarfélagið skili 6,1 milljóna króna hagnaði á næsta ári, að því er fram kemur í fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 sem var samþykkt samhljóða. Tekjur samstæðureiknings Súðavíkurhrepps, A og B hluta, eru áætlaðar 212,5 milljónir króna og útgjöld eru áætluð 189,7 milljónir króna. Fjármagnsgjöld umfram fjármagnstekjur eru áætlaðar 4,3 milljónir króna og afskriftir samstæðureiknings eru áætlaðar 12,3 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða A og B hluta er því áætluð jákvæð um kr. 6,1 milljón króna. Áætlad er að framkvæma fyrir 7,7 milljónir á árinu 2012. Helstu verkefni eru lóðaframkvæmdir við Eyrardalsbæinn sem hýsir Melrakkasetrið, göngustíga-gerð og vegaklæðning út á suðurgarð. Framkvæmdir verða fjármagnaðar af eigin fé.

„Þetta er mikill viðsnúning-

ur í rekstri sveitarfélagsins, en við erum að skila sex milljóna króna hagnaði sem verður að teljast til tíðinda í því árferði sem er í dag. Ég tel að við höfum verið að sýna góðan rekstur miðað við það að hér hefur íbúum verið að fækka. Við fórum í algera naflaskoðun árið 2009 og við höfum haldið okkur við þær línur sem við settum okkur þá, þetta er í mest afrakstur af þeirri vinnu. Við erum búin að skera mikið af útgjöldum sveitarfélagsins án þess að það bitnaði á þeirri þjónustu sem við veitum. Við hækkuðum einnig ákveðnar gjaldskrár á síðasta ári, fyrir árið 2011, en það eru engar boðaðar hækkanir fyrir árið 2012. Þannig við erum núna komin í gott jafnvægi með reksturinn,“ segir Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

— asta@bb.is

Í gamni og alvöru með Matta Bjarna

BB ræðir við Matthías Bjarnason sem var þingmaður Vestfirðinga í 32 ár fyrir Sjálfstæðisflokkinn

Matthías Bjarnason varð níræður í ágúst í sumar sem leið. Eins og höfðingja er síður hélt hann veglega afmælisveislu fyrir vini og vandamenn. Matthías hélt sjálfur ræðu í afmælisveislunni og sögðu viðstaddir að þar hefði hvergi verið gefið eftir í fróðleik og skemmtilegheitum. Höfuðið er enn stálminnugt og andinn óbilaður. Matthías hefur áður rakið feril sinn ítarlega í ævisög- unni *Járnkarlinn* sem kom út árið 1993 og Örnólfur Árnason skráði. Þar voru ferli Matthíasar í stjórnmálum gerð góð skil. Í þessu viðtali við *Bæjarins besta* rekur Matthías sögur af mönnum og dýrum sem settu svip á Ísafjörð á uppvaxtarárum hans, þorskastríðið vegna útfærslu landhelginnar í 200 mílur og deilurnar við Davíð Oddsson.

Þegar ég hringi fyrst í Matthías er hann sárkvalinn á spítala. Hann hafði prílað upp á stól til að hengja upp jólaskraut á heimili sínu í Kópavogi og dottið með þeim afleiðingum að hryggjarliður brákaðist. Hann víkst þó ekkert undan því að hitta mig sem segist ætla að rekja úr honum garnirnar varðandi gamla tíma á Ísafirði. „Gefðu mér nokkra daga til að jafna mig. Ég hlýt að verða orðinn góður þá,“ segir hann.

Nokkrum dögum síðar er hann kominn á Hrafnistu þar sem hann fær nauðsynlega umönnun á meðan hann er að jafna sig á „þessum fjanda,“ eins og hann orðar það. Hann liggur fyrir þegar ég heimsæki hann og þrátt fyrir verkina sem hjúkrunkona reynir að deyfa með vel útilátnum skammti af verkjalyfjum lætur hann gamansögurnar frá gömlum tímum á Ísafirði fjúka á færibandi. „Ég get ekki étið þessar hlussupillur. Ég kafna bara. Þú verður að mylja þær ofan í mig,“ segir hann þegar hjúkkan kemur með pillurnar.

Matthías er ótrúlega ern og man enn atburði úr barnæsku sinni eins og þeir hefðu gerst í gær. Þrátt fyrir að vera orðinn níræður fer hann allra sinna ferða og ekur enn um borg og bý. Hann segist hvergi una sér betur en vestur í Trostansfirði í Arnarfirði og stingur af í lognværa fjörðinn

sinn hvenær sem hann getur. Hann ók m.a. tvisvar þangað síðastliðið sumar. Enda er hann sonur Bjarna Bjarnasonar sem jafnan var kallaður „keyrari“ á Ísafirði.

„Ég er ennþá að sjá eitthvað nýtt vestur í Trostansfirði. Gróðurinn er svo yndislegur en mér finnst synd hvað mófuglinum hefur fækkað. Það er tófuskrautinn sem allt gleypir. Ríkissjóður stuðlar að því að friða tófuna með því að borga ekkert fyrir að láta skjóta hana.“

Fátæktin var fylgikona flestra

Matthías er fæddur árið 1921. – Það eru orðnir aðeins breyttir tímarnir síðan þú varst að alast upp á Ísafirði.

„Það eru gríðarlega breyttir tímar. Fátæktin var fylgikona flestra á þeim árum. Ég held að þrátt fyrir fátæktina og atvinnuleysið sem herjaði á fólkið, þá hafi lífshamingjan jafnvel verið meiri þá en núna. Oftast var það nú hrun á markaði sem olli atvinnuleysinu.

Ísafjörður var að mörgu leyti öndvegisbær á fyrri helmingi 20. aldarinnar miðað við ástandið víða. Það var samt mikil harka ráðandi og miklar slysfarir á fólki, sérstaklega sjómönnum.“

– Þú ert yngstur nú systkina. „Já. Ég var langyngstur og fæddist í Brunngötu 20. Það var mikið um skepnueign á Ísafirði. Bak við Brunngötu 20 var til dæmis fjárhús, fjós, hesthús, hlaða og meira að segja súrheysgryfja.“

– Hvar náðuð þið að heyja fyrir skepnurnar?

„Ja, það var oft mikið vandamál. Faðir minn átti töluvert stórt tún sem var fyrir ofan Túngötuna. Það var þar sem Guðmundur Mosdal byggði seinna sitt hús. Það gaf þó nokkuð hey. Þessir ísfirsku bændur voru á snöpum eftir slægjum alls staðar. Mikið var um að menn ættu nokkrar kindur. Þær voru fyrir neðan Sundstrætið en þar var dálítið undirlendi og þó nokkuð margir kofar. Karlarnir héldu féð sér til tilbreytingar og bjargálna.“

Eftir Bjarna Brynjólfsson. Myndir: Sigurjón Ragnar

Hrútur skotinn í Lapplandi

„Þessi fjárfkafabyggð var alltaf kölluð Lappland. Einar gamli skósmiður var einn gildasti bóndinn þarna neðan Sundstrætis en eigendurnir voru nokkrir. Einar hafði viðurnefnið „lappari“ og húmoristum þessa tíma fannst því upplagt að kenna þorpið við hann og kölluðu það Lappland.

Einar var barnmargur maður. Hann átti sérstaklega marga stráka. Einu sinni fannst ekki í leitum góður hrútur sem Einar hafði sett á. Hann þorði því ekki annað en að setja yngri hrút á. Þegar komið var langt fram á haust fannst síðan hrútskömminn sem ekki hafði skilað sér. Einar hafði auðvitað ekkert með tvo hrúta að gera svo hann ákvað að skjóta gamla hrútinn. Hann átti gamla fjárbyssu sem var orðin hálfmáttlaus. Hann segir við strákana að þeir verði að koma með sér niður eftir því hann verði að lóga hrútnum því hann eigi lítið hey. Þeir fara niður eftir og Einar sest klovvega yfir hrútinn. Þetta var vænn hrútur og vel hyrndur og Einar miðar byssunni á milli hornanna. Það sem gerist síðan er það að hrúturinn hristir hausinn og fellur ekki þegar skotið ríður af. Einar skýtur aftur og allt fer á sömu leið. Og hann reynir í þriðja sinn og allt kemur fyrir ekki. Hrúturinn stendur enn. Þá segir Einar: Strákar mínir, gefiði nú hrútskömminni vel og svo byrjum við aftur snemma í fyrramálið.

Ekki veit ég hvort hún er sönn þessi saga en sköndin er hún.“

Bókhneigða geitin sem talaði dönsku

„Á Ísafirði var einnig búskapur sem töluvert bar á um og eftir 1930 en það var geitabúskapur. Ástæðan fyrir því að menn eignuðust geitur var þessi tilfinningalegi mjólkurskortur í bænum. Þá var lítil sem engin mjólkurframleiðsla við Djúpið en hún byrjar

nokkru eftir 1930. Við áttum tvær geitur. Önnur hét Illa. Það var stórvel gefin geit. Hún var nú ekki mjög hátt skrifuð á vinsældalista þeirra sem ræktuðu blóm í bænum því það hélt henni engin girðing. Hún komst inn í alla blómagarða í bænum og át alltaf öll falllegustu sumarblómin. Allir blómagarðseigendur bölvuðu henni í sand og ösku. Geitin var stórmerkileg og fylgdist mjög vel með mannlífinu í bænum. Hún gætti þess vandlega að vera ekki með öðrum geitum. Illa taldi sig vera yfir aðrar geitur hafin og þeim ekki samboðin.

Hin geitin sem við áttum var dóttir Illu og hét Perla. Illa vildi ekkert hafa saman við hana að selda enda var hún ekkert sérstök. Illa vildi hins vegar ganga um á meðal fólksins. Hún tók eftir því að bæjarbúar fóru niður á bryggju þegar farþegaskipin voru að koma að landi. Þau lögðust alltaf við hausinn á bæjarbryggjunni sem snýr að Torfneseinu. Illa varð forvitin þegar hún sá allt þetta þrúðbúna fólksstreyma fram á bryggjuna þannig að hún labbaði með. Hinum megin á bryggjuhausnum voru nokkrar tunnur og á milli þeirra kom Illa sér fyrir og lét lítið fara fyrir sér. Svo góndi fólkið á skipið, landgangurinn var settur niður og fólkið gekk í land og annað fór um borð í skipið.

Eitt sinn gerist það að Illa er þarna eftir á bryggjunni og fólkið horfið eftir dálitinn tíma. Þá kemur borðalagður maður niður landganginn með alla vasa úttöðna af káli og ávöxtum og færir henni.

Þetta endurtók sig alltaf þegar skip komu frá Sameinaða gufuskipafélaginu sem menn kölluðu Det Forenede. Maðurinn sem var svona góður við Illu var hofmeistarinn á Íslandinu. Illa þekkti skipið á skorsteininum en á honum var rauð rönd. Hún kom aldrei þegar Fossarnir eða íslensku strandferðaskipin komu. Þá átti hún aldrei von á neinu góðu. Hún tók hins vegar stundum feil á Íslandinu og Dronning Alexandrine.

Þegar Íslandið lagðist að kom hofmeistarinn alltaf hlaðinn gjöfum til Illu. Þau töluðu saman þarna við tunnurnar og þeir sem heyrðu á mál þeirra fullyrtu að þau töluðu bæði dönsku. Þeir heyrðu ekki betur. Það fannst engum skrítið að Illa talaði dönsku því hún var svo bókhneigð.

Svo var það einu sinni að hofmeistarinn kemur ekki. Illa verður voðalega svekkt og þegar allir eru farnir af bryggjunni fer hún af stað að leita að vini sínum. Hún gengur landganginn og fer aftur með dekkinu en þá kemur karlinn með úttöðna vasa af góðgæti handa henni. Þarna urðu miklir fagnaðarfundir. Oft fékk hún góða máltíð hjá karli en í þetta skipti alveg sérstaka. Og það var mikið spjallað.“

Af Sigga meinlausa geitahirði

„Siggi meinlausi passaði geiturnar fyrir bæjarbúa. Hann vann líka í Húsmæðraskólanum þegar hann var stofnaður en þá var hann til húsa í Salem. Þá var Gyða Maríasdóttir forstöðukona en hún var systir Jóns Maríassonar bankastjóra. Gyða var mjög ströng og hleypti engum karlmanni inn í skólann nema Sigga og hann fékk því fljótlega viðurnefnið „meinlausi“. Hann hefði aldrei gert sér dælt við stelpurnar. Siggi var svo geitahirðir á sumrin og byggði sér torfkofa á múlanum á milli Seljalandsdals og Tungudals. Þar hafði hann skjól þegar regn komu og passaði geiturnar vel og samviskusamlega. Ég man alltaf eftir því að það var ansi stór hópur sem var rekinn í gegnum bæinn þegar geiturnar fóru á dalinn.

Einu sinni stóð Oddur Gíslason, sem var bæjarfógeti í nokkur ár, á götunni og sá hvar maður kom og rak hóp af geitum á undan sér. Oddur var broddborgari, nokkuð sérkennilegur, gat verið frekar barnalegur en leit dálítið stórt á sig eins og embættismenn þessa tíma gerðu. Geitahópurinn



fer framhjá Oddi og á eftir honum kemur Eyjólfur bókbindari. Hann átti gamalt og hrörlegt hús sem stóð á milli Tangagötu og Sundstrætis. Eyjólfur býður sýslumanni góðan daginn og tekur ofan eins og menn gerðu þá við svona háttsetta menn. Þá segir sýslumaður við hann: Eyjólfur minn, mjólkur hún ekki vel þessi fremsta?

Þetta er nú hafur, segir Eyjólfur.

Já, segir Oddur, er það þá hafur.

Enginn vissi hvort hann vissi hvað hafur var. Karlinn var óheppinn að spyrja þessarar vitleysisspurningar.“

Bjargaði fjórum gimbrum frá slátrun

– Þú bjargaðir eitt sinn fjórum gimbrum sem faðir þinn ætlaði að slátra.

„Ég var að fylgjast með því hvað faðir minn ætlaði að setja á. Mér fannst það synd að skjóta þessar fallegu litlu skepnur og stal þeim úr hópnum einni og einni og lokaði þær inni í kolastíunni. Svo fundust þær ekki þegar átti að slátra þeim í slátruhúsinu hjá Guðmundi Björnssyni daginn eftir. Svo komst þetta allt upp og ég var húðskammaður. Meira að segja mamma mín skammaði mig, sem hún gerði aldrei. Ég sagði henni að þær hefðu verið svo yndislegar að ég hefði ekki getað hugsað mér að sjá á eftir þeim í slátruhúsið. Og sagðist ekki skilja í honum pabba að láta skjóta þær. Svo voru þær settar á og ég hafði mitt fram og var hinn kátasti. Karl faðir minn var samt ekki mjög léttur yfir þessu.“

Manni á Búinu og nautið

„Mitt fyrsta embætti sem ég fékk í lífinu var að vera kúasalmi. Maður rak kýrnar í gegnum bæinn og þær gerðu náttúrulega stykki sín á götur bæjarins. Það voru margar kýr í bænum. Ólafur Kárasón kaupmaður sem rak verslunina Björninn og Fríða kona hans áttu meðal annars tvær kýr. Eitt sinn kom Manni á Búinu, frægur karakter í bænum sem lét allt flakka, með naut. Við strákarnir vorum að leik þarna í Brunngötunni og Manni segir við okkur: Strákar, farið inn til hennar Fríðu og segið henni að ég sé kominn með nautið fyrir hana. Það stóð nú ekki á hópnum að sækja Fríðu og svo kom hún út svaka virðuleg til Manna. Ólafur eiginmaður hennar var stór og myndarlegur karl. Hann var bæjarfulltrúi um skeið og einnig lögregluþjónn. Annars var Guðmundur Björnsson kaupmaður líka með nokkuð margar kýr eins og við sem vorum með fimm.“

Laminn með saltfiski í hausinn

– Ísafjörður var kallaður Rauði bærinn á þínum uppvaxtarárum. Þú hefur sagt frá því að það hafi farið ægilega í taugarnar á þér hvernig pólitíkin litaði allt. Menn voru til dæmis að hnýta í þig og kölluðu þig íhaldsungann hans Bjarna keyrara. Var það þess vegna sem þú fórst út í pólitík?

„Þetta var voðalega pólitískur bær. Þessar hatrömmu pólitísku deilur byrjuðu með Skúlamálunum svokölluðu og héldust allt of lengi. Þegar ég var smápúki ætlaði ég nú einu sinni að láta heldur betur á mér bera. Það var verkfall í Hæstakaupstað. Þar voru miklir saltfiskreitar. Svo var það í einu verkfallinu að kerlingarnar settust á stakkana og leyfðu ekki að fiskurinn yrði breiddur. Þá voru nokkrir strákar að reyna að draga fiskinn undan rassinum á þeim til þess að breiða. Við vorum kallaðir hvítliðar. Mig minnir að ég hafi verið langyngstur. Ég veit eiginlega ekki hvað kom til að ég fór að hætta mér í þessa vitleysu. Svo er ég að reyna að draga fisk undan rassinum á einni konunni. Þetta var þungrassa kona. Kerlingin tók fisk sem var laus og lamdi mig í hausinn. Ég sá bara stjörnur. Þá komu tveir strákar og drógu mig hálfrotaðan frá þessari vígakonu.

Eftir það hugsaði ég með mér að ég skyldi aldrei skipta mér af svona aftur. Mig sárverkaði í hausinn. Ég kynntist síðan þessari konu töluvert og hún sagði mér frá verkalyðsbaráttunni og hvernig það hefði verið þegar engar tryggingar voru. Ég veit ekki hvort hún mundi nokkuð eftir því að hún hefði barið mig með saltfiski. Sennilega hefur hún ekki vitað hver ég var. Ég hafði mjög gaman af því að tala við þessa konu. Hún hafði misst mann sinn í sjóinn og þá var björginni svipt frá henni og enginn matur til í kotinu. Hún gaf börnunum síðustu brauðskorpurnar og gekk glorhungruð svo dögum skipti. Það var ekkert hægt að leita til annarra þegar björgin brást. Þannig að lífsbaráttan var mjög hörð.“


Mótorhjólátöffarar á þeysingi um landið

– Þú kaupir þér samt mótorhjól ungur að árum og hafðir þá unnið fyrir þér í vegavinnu og fleiru, m.a. hjá Björgvini bróður þínum sem hafði talsverð umsvif.


„Ég held ég hafi verið áttján eða nítján ára þegar ég eignaðist mótorhjól. Það var af gerðinni Rudge Special.“

– Þið voruð nokkrir saman ungir mótorhjólátöffarar á Ísafirði?

„Já, en þetta var nú ekki eins og þessar mótorhjólaklíkur núna.“



Matthías á mótorhjóli sínu árið 1941.



Vinirnir fimm árið 1942. Frá vinstri: Hafsteinn Hannesson, Jón Bárðarson, Árni Matthíasson, Sveinn Elíasson og Matthías.

– Þetta hefur ekki verið nein glæpastarfsemi hjá ykkur?

„Nei, nei. En hins vegar vorum langt í frá mjög löghlýðnir. Við virtum aldrei hámarkshraða og fórum oft í kapp yfir Breiðadalsheiði.“

– Þið voruð í því að setja hraðamet á milli Ísafjarðar og Flateyrar.

„Jú, jú. Það var reynt við það nokkrum sinnum. Það var skipstjóri á Flateyri sem hét Páll Kristjánsson, gríðarlega stór maður og sver. Hann sagði við mig: Lofaðu mér nú að sitja aftan á þessu tæki þínu. Ég var alveg til í það. Við vorum alveg niðri á oddanum á Flateyri. Karlinn sest aftan á og mér fannst hjólið alveg vera að leggjast saman undir honum og mér. Svo keyri ég alveg eins og ég get upp aðalgötuna og sný svo við og þeysi aftur niður eftir. Þegar ég stoppa sprettur Páll upp af hnakknum og segir: Þetta skal ég aldrei gera aftur að setjast á þetta drápstæki þitt.

Ég fór á þessu hjóli með vini mínum Sveini Elíassyni í heilmikla ævintýraferð. Við sendum hjólið með strandferðaskipi til Reykjavíkur og svo fórum við á eftir því og ókum á hjólinu um Borgarfjörð til Akureyrar. Svo héldum við áfram í gegnum Þingeyjarsýslu og Múlasýslu og keyrðum alla leið í Viðfjörð sem Viðfjarðarundrin eru kennd við. Ég átti skyldfólk á Neskaupstað. Ég hringdi í móðursystur mína sem bjó þar og sagði henni að ég væri kominn á mótorhjól í viðfjörð og kæmist ekki lengra nema hún léti sækja mig. Hún sendi mótorbát eftir okkur. Þetta þóttu

miklir burgeisar sem áttu mótorhjól á þessum tíma og víst er að ferðalag okkar Svenna var mikil ævintýraferð.“

– Svo senduð þið sparifötin á undan ykkur með skipi.

„Við vildum vera fínir menn og sparifötin ferðuðust með skipi á undan því við gátum ekki tekið mikinn farangur með okkur á hjólið.“

– Svo náðir þú í konuna út á mótorhjól, er það ekki?

„Jú, ég gabbaði hana með mér á hjólið. Hún sat fyrir aftan mig og mér fannst sjálfsagt að stríða henni aðeins og spýtti duglega í. Hún hélt bara þess fastar utan um mig. Það hélt lengi.“

Kristín Ingimundardóttir, eiginkona Matthíasar, var frá Hólmavík. Þau voru gift í 59 ár en hún lést í júní árið 2003.

„Ég var afskaplega langt niðri fyrst eftir að hún dó. Kristín var mín stoð og stytta í gegnum allan minn feril. Hún hafði eitt sem ég var ekkert sérstaklega góður í. Hún var mannþekkjari. Oft sagði hún mér að vera ekkert að eltast við þennan eða hinn því henni líkaði ekki svipurinn á þeim.

Ég hef hins vegar fundið mér aðra konu. Hún heitir Jónína Margrét Pétursdóttir og er alltaf kölluð Nína. Við vorum saman í Verslunarskólanum og útskrifuðumst 1939. Hún vann síðan hjá hinum og þessum fyrirtækjum og fluttist svo til Bandaríkjanna og vann meðal annars hjá Sendiráði Íslands í Washington hjá Thor Thors. Ég hafði stundum hitt hana á skólaafmælum. Svo þegar ég missi konuna mína lágu leiðir okkar saman. Það tókst með okkur trygg og góð vinátta og

við höfum ferðast saman bæði innanlands og utan. Við höldum samt sitt hvort heimilið og okkur hefur vegnað vel. Ég er verulega ánægður með það að leiðir okkar lágu saman því ég missti mjög mikið þegar Kristín lést. Við áttum alveg einstakt samband.“

Matthías og Kristín eignuðust tvö börn, Hinrik og Auði.

Oft sungið í litla eldhúsinu

– Hvernig voru jólin á Ísafirði í þessa gömlu daga?

„Það voru alltaf haldin hátíðleg jól og þau voru ekkert síður skemmtileg en nú á dögum. Heima hjá mér voru alltaf gefnar jólagjafir og eldaður góður matur á jölunum. Þetta var mann margt heimili sem ég ólst upp á og óskaplega margir sem áttu þarna athvarf. Það voru aðallega menn sem áttu varla nokkurt heimili. Þórir heitinn bróðir minn kom með ansi marga heim með sér. Oft var sungið í litla eldhúsinu heima. Það var líka mjólkursala heima og fólk staldráði oft við þegar það kom að sækja mjólkina. Bæði ungt og gamalt fólk.“

– Mamma þín var sögð mjög örlát kona.

„Jú, hún var það. Ég held hún hafi byrjað að kaupa jólagjafirnar á milli jóla og nýárs og hélt því síðan áfram allt árið fram að næstu jólum. Hún gaf eitthvað á annað hundrað jólagjafir.“

Strákhvolpar í vegavinnu

– Þú byrjaðir ungur í vegavinnu og vannst meðal annars við að leggja veginn yfir Breiðadalsheiði.

„Það eru til nokkrar sögur úr vegavinnunni. Við tókum ofaníbúrd í gryfju rétt við kirkjugarðinn í Hnífsdal. Við vorum þarna nokkrir ungir menn með körlum sem okkur fannst vera komnir alveg á grafarbakkan en þeir hafa verið svona á milli fimmtugs og sextugs. Það voru alltaf teknar miklar umræður um hitt og þetta í kaffitímanum. Svo var það einu sinni að talið berst að barneignum. Við vorum þarna þrír strákhvolpar sem vorum farnir að tala eitthvað um þetta og þóttumst nú vita ýmislegt. Þá segir einn karlinn, Villi gamli: Ég skal nú segja ykkur það að ég má bara ekki koma við konuna mína, þá verður hún ólétt.

Það var skríttinn svipur á okkur þessum þremur. Við hugsuðum allir það sama. Hvernig í skrambanum stendur á því að konan verður ólétt bara við það að hann komi við hana. Við höfðum nú heyrt að það gerðist annað. Þetta var morgunkaffitími. Við ákváðum að taka þrjúkaffið út af fyrir okkur og taka umræðu um þetta. Við spjölluðum heilmikið um þetta og síðan var framhaldsumræða

morguninn eftir. Að lokum komumst við að þeirri niðurstöðu að Villi væri að ljúga þessu öllu. Það þyrfti nú að gera svolítið meira.

Maður reyndi nú alltaf að taka þátt í umræðum um alla hluti.“

Hagalín var prakkari

– Lýðveldisárið 1944 ertu 22 ára og stendur í blóma lífsins, nýgiftur, orðinn framkvæmdastjóri og orðinn formaður ungra sjálfstæðismanna í bænum.

„Ég var í hátíðarnefndinni og við ákváðum að halda upp á stofnun Lýðveldisins uppi í Stóru-urð fyrir ofan bæinn. Ég held að þar hafi aldrei verið haldin samkoma síðan. Lúðrasveitin lék og Guðmundur G. Hagalín hélt góða ræðu. Hann var óskaplega skemmtilegur karl.“

– Þú talar vel um Hagalín þótt hann væri á öndverðum meiði í pólitíkinni og mikill refur.

„Hann var kennarinn minn.“

– Var hann öndvegismaður?

„Já, það má segja það. Svo var hann óskaplega mikill strákur í sér, ferlegur prakkari.“

– Og snillingur í að veiða atkvæði?

„Eitt sinn átti Hagalín samtalið við gamla konu sem var á kjörskrá í Sléttuhreppi. Hún hafði alltaf kosið Jón Auðun og þegar hún sagðist ætla að gera það aftur sagði Hagalín: Elskan mín góða, vertu ekki að kjósa hann Jón Auðun. Hann er búinn að vera tólf ár á Alþingi og hefur aldrei komist upp í efri deild.“

– Hann hefur haft ráð undir rífi hverju í tilsvörum?

„Haukur Helgason sagði eitt sinn á kosningafundi að það væri snautlegt hvernig farið væri með fólk í bænum sem kratarnir réðu. Það byggir sumt hvert í handónýtu húsnæði. Til dæmis væri gömul kona sem byggir í algjörru holu. Þetta var Katta-Bína sem átti fjörutíu ketti og bjó um þá í kómmóðuskúffunum sínum og hún var á fundinum. Hagalín svaraði: Þið heyrðuð nú hann Hauk Helgason, bankahagfræðinginn með tólf ára barnsandlitið, tala um að við sæjum ekki um gamla fólk og létum það sofa í kjallara, óheilbrigðu húsnæði. Svona eru nú kratarnir sagði Haukur Helgason. Að kalla þessa stútungskonu á miðjum aldri gamla konu. O, sveiattan, sagði Hagalín. Hann lét alveg eiga sig að minnast nokkuð á húsnæðismálin og atkvæðið var líklega tryggt því að konan ljómaði.“

– Hagalín lét ykkur raða bókunum þegar hann sá um bókasafnið í bænum?

„Hann gerði það. Svo sat hann á tröppunum og sagði okkur lyga sögur. Hann kenndi okkur á safnið og það var oft ansi gaman að vera hjá karli.“

Hreinskilinn í pólitík

– Þú hefur stundum sagt að



menn eigi ekki að ganga með flokksgleraugun á sér heldur frekar nota sín eigin. Þú hefur ekki alltaf verið þægur ljár í þúfu?

„Ég einsetti mér það að vera alltaf hreinskilinn. Ég var afskaplega hallur undir þá sem áttu erfitt í lífinu. Ég hugsa að ég hafi fengið það frá móður minni. Mér hefur alltaf leiðst fólk sem þykist vera eitthvað sem það er ekki. Hins vegar voru bæði í mínum flokki og öðrum ágætir menn.“

Eins og ég gekk nú oft hart fram við kratana í minni pólitík, þá tókust með okkur góð kynni, t.d. með okkur Birgi Finnssyni. Það var nú meðal annars vegna þess að Birgir átti svo góða konu, Arndísi Árnadóttur, sem var með mér í skóla. Það varð mikil vin-átta á milli okkar og við fórum saman í ferðalög bæði innanlands og utan. Birgir var ákaflega kurt-eis og alúðlegur maður. Það var líka alltaf mjög gott á milli mín og Björgvins Sighvatssonar.“

Hrefnukjöt sem breyttist í nautasteik

Matthías var framkvæmdastjóri Djúpbátsins frá 1942 til 1968.

– Þú hefur náttúrliga kynnst öllum í Djúpinu sem framkvæmdastjóri Djúpbátsins?

„Já, ég gerði það. Þetta var afskaplega lærdómsríkur tími. Ég tók við Djúpbátinum tæplega 21 árs. Það var oft erfitt að rekja þetta en ég kynntist mörgum skemmtilegum mönnum og sögufróðum.“

Eftir stríðið komu oft amerískar kennslukonur og fóru í ferðir með Djúpbátinum. Þeim fannst svo gaman að ferðast með bátinum innan um mjólkurbrúsana og sjá karlana koma fram á litlum bátum. Þetta voru langar hringferðir. Eitt sinn var kona kokksins að leysa hann af. Hún var mjög dugleg að selja mat í hringferðinni. Svo steikir hún hrefnukjöt með góðri brúnni sósu. Þá kemur ein þessara amerísku kvenna til hennar og vill fá að vita hvaða kjöt þetta sé. Það sé svo dökkt. Kona kokksins var nú ekki sleip í enskunni og eftir mikið handa-pat baular hún bara á konuna og segir hátt og snjallt muuuu. Þá borðuðu þær kjötið með bestu lyst.“

Erfið ár í þorskastríði

– Þú hættir á þingi 1995.

„Ég var þingmaður Vestfirðinga í rúm 32 ár samfleytt.“

– Þú varst m.a. sjávarútvegsráðherra þegar landhelgin var færð út í 200 mílur og skrifaðir undir reglugerðina sem færði hana út 15. júlí 1975.

„Það voru erfið ár. Ég var alltaf með tvö ráðuneyti.“

– Það gekk ansi mikið á í þessu síðasta þorskastríði, var það ekki? Svo var það norskur utanríkisráðherra, Knut Frydenlund,

sem leysti þann hnút á endanum með ykkur og Bretunum á fundi í Osló.

„Ég var nú ekkert sérlega hrifinn af Norðmönnum. Þeir voru alltof mikið fyrir sjálfa sig. Undantekning frá þessu var Knut Frydenlund sem var afskaplega vænn maður og góður vinur Íslendinga. Hann var hvatamaður að því að leysa deiluna á fundi sem haldinn var með Bretum í Osló en þar hittum við Anthony Crosland, utanríkisráðherra Bretlands. Þá ríkti ekkert stjórnmálasamband á milli Íslands og Bretlands.“

– Stjórnarandstaðan var ekki ánægð með þennan samning þegar þið komuð frá Osló. Þetta voru kallaðir svikasamningar.

„Þegar við Einar Ágústsson komum til Osló í maí 1976 var fyrst farið á hótelið og síðan beint á staðinn þar sem viðræðurnar áttu að vera. Þegar við komum að þessum stað var þar hópur sem hafði myndað talkór. Hann lýsir því yfir að við séum komnir til Noregs til að gera svikasamninga og þess vegna geti hann ekki tekið á móti okkur. Ég á enn bréfið sem þeir fengu okkur. Við fengum mikið að heyra að við værum svikarar og landráðamenn.“

Fékk lífláts-hótun í símann

„Nokkru eftir þetta sat ég einn heima við skrifborðið mitt. Síminn hringir og maður segir að hann ætli að koma og skjóta mig því ég sé landráðamaður og búinn að svíkja þjóðina. Ég sagði honum bara að koma en lét hann vita af því að ég væri með góða skambyssu heima við. Ég skal ekki vera mjög lengi að skjóta þig, sagði ég við hann. Hins vegar hef ég aldrei skotið af byssu á ævinni, hvorki fyrr né síðar. En hann kom aldrei sá skratti.“

Maður var nú ekki þar ánægður með menn sem tóku svona upp í sig. Við vorum ekki alltaf sam-mála, við Geir Hallgrímsson. Hins vegar vorum við alltaf sam-mála um það að við ætluðum að sigrá í þessari styrjöld. Og við vorum algjörlega sammála þegar við slitum stjórnmálasambandi við Breta. Það má segja að Fram-sóknarmenn hafi staðið sig vel nema einn maður. Það var Ólafur Jóhannesson.“

– Ykkur varð ekki vel til vina?

„Nei. Hins vegar fannst mér eiginkona Ólafs, sem hét Dóra Guðrún Magdalena Ásta Guðbjartsdóttir, alltaf indæl kona. Við Einar Ágústsson vorum hins vegar miklir vinir og treystum hvor öðrum.“

Svívirðileg framkoma Óla Jó

„Mér fannst framkoma Ólafs

við Geir Hallgrímsson alveg svívirðileg. Geir var hollur og góður Íslendingur. Ólafur var til dæmis eitt sinn í viðtali við Vísi og sagði, þegar hann var spurður um samstarfið í ríkisstjórninni, að honum dytti alltaf í hug saga af karli sem var heldur ófrýnilegur og með tóbakslög í skegginu sem lak niður í taumum. Þessi karl hafi verið þingmaður og haft það fyrir sið að kyssa kjósendur en fáir vildu þiggja. Hann sagði að stjórnarsamstarfið væri svona álíka. Á næsta ríkisstjórnarfundinum kom ég síðastur, sem ég gerði nú eiginlega aldrei. Þá var þetta komið í Vísi og í útvarpinu. Ég segi við Ólaf: Ég þakka þér fyrir komplímentið sem við Sjálfstæðismenn fengum frá þér í Vísi. Þú líkir okkur við óþverralegan karl með tóbakið í skegginu og furðulegt fyrirbæri í allri framkomu.“

Eitt sinn sagði Ólafur að það ætti ekki að færa lögsöguna út nema flytja um það frumvarp. En það var alltaf gert þannig að sjávarútvegsráðherra gaf út reglugerð. Þá segi ég: Hvað á svona að þýða? Þú varst í ríkisstjórn sem forsætisráðherra þegar landhelgin var síðast færð út og þá gerði sjávarútvegsráðherra það með reglugerð. Hver er munurinn núna? Af hverju á að hætta því núna? Var í lagi að Lúdvík gerði það með 50 mílurnar en ekki ég sem er sjávarútvegsráðherra núna? Ég tek því ekki með þökkum, ég ætla bara að láta þig vita það góði. Það mátti heyra saumnál detta á fundinum og hann blóðroðnaði karlinn.

Hinir Framsóknarmennirnir þrír í ríkisstjórninni voru hins vegar ágætir menn.“

Þoldi ekki formanninn

– Hvernig líst þér á pólitíkina núna?

„Æ, drottinn minn dýri. Ég vil helst bara ekki tala um það. Ég held það sé ekkert stefnumál sem ríkisstjórnin hefur fjallað um þar sem hún hefur staðið við sína eigin stefnu. Þessi pottahljóm-sveit sem spilaði á Austurvelli var nú heldur ekki mikil fyrir-mynd.“

– Styðurðu ennþá þinn gamla flokk?

„Já, ég hef alltaf kosið Sjálfstæðisflokkinn til bæjarstjórnar. En ég kaus hann ekki einu sinni. Það var nú út af því að ég þoldi ekki formann flokksins sem þá var. Það hefði verið æskilegt að hann hefði aldrei orðið formaður.“

– Hvers vegna segirðu það? Var það vegna þess hvernig menn Davíð Oddsson hafði í kringum sig?

„Davíð leit þannig á sjálfan sig að það ætti að gera einungis það sem honum dytti í hug. Hins vegar væri aldrei neitt skynsamlegt sem öðrum dytti í hug. Hann

fór auðvitað hræðilega með flokkinn þegar hann gat ekki hugsað sér neinn annan sem forsætisráðherra nema sjálfan sig og hraðaði sér úr borgarstjóraembættinu og skildi borgarfulltrúana eftir ósjálfbjarga því þeir voru eitt-hvað fjórir eða fimm sem vildu verða borgarstjórar. Innan þing-flokksins var hörmuleg staða því Davíð vissi ekki hvað það var að ná samkomulagi. Það varð bara að gera það sem hann vildi. Samráð var ekki til í hans bókum.“

Bjarni Benediktsson hafði hins vegar mikið samráð við menn og einnig Geir Hallgrímsson.“

Reifist við Davíð á þingflokksfundum

– Þið hafið ekki átt skap saman þið Davíð.

„Nei, ég held við höfum rifist á flestum þingflokksfundum. Annars fannst mér yfirleitt gott andrúmsloft innan þingflokksins. Þar voru margir ágætismenn sem gaman var að vinna með.“

– Þú hefðir heldur viljað hafa Þorstein Pálsson áfram?

„Ég sá enga ástæðu til að fella hann.“

– Er eitthvað sem þú manst sérstaklega eftir sem þú ert ánægður með að hafa tekið þátt í?

„Ég held nú að þar beri hæst útfærslan í 200 mílur. Ég held að það hafi verið mikilvægasta ákvörðunin sem ég tók á mínum stjórnmálaferli og hún var afskaplega farsæl fyrir þjóðina eins og allir vita núna. Það er auðvitað rangt að segja það að allir hafi verið sammála um þá framkvæmd. Kommarnir voru afskaplega fylldir til dæmis. Þeir gerðu mikið úr því að það væri ekki til neinna hagsbóta að færa þetta út. Þeir þola aldrei ef eitthvað tekst vel.“

Svo fannst mér gaman að vinna að heilbrigðismálunum en ég varð einnig heilbrigðisráðherra 1974. Geir Hallgrímsson hringdi þá í mig og bauð mér að taka heilbrigðisráðuneytið líka en þá var ákveðið að ég yrði sjávarútvegsráðherra. Ég sagðist hafa nóg á minni könnu með sjávarútvegs-málin. Samtalið endaði þannig að Geir sagðist skyldu hringja í mig klukkan átta morguninn eftir. Kristín kona mín lagði hart að mér að þiggja boðið og sagði: Þú átt ekki alltaf að vera að hugsa um þennan fisk, það er kominn tími til að þú farir að hugsa um fólkið í landinu og kynna þér málefni þess.

Dóttir mín ráðlagði mér líka að taka starfinu. Þannig að þegar Geir hringdi um morguninn ákvað ég að að þiggja ráðherraembættið. Ég er afskaplega feginn að ég gerði það og ég held að það hafi verið ein skynsamlegasta ákvörðun sem ég tók á mínum stjórnmálaferli þótt aðrir tækju nú ákvörðunina fyrir mig.“

– Bjarni Brynjólfsson.

Yrsa f

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur fékk á fimmtudag afhenta Tindabikkjuna, verðlaun sem Glæpafélag Vestfjarða veitir fyrir bestu glæpasöguna. Verðlaunin fær hún fyrir nýjustu bók sína, Brakið. Er þetta annað árið í röð sem Yrsa hreppir Tindabikkjuna en hún hlaut hana fyrir bókina Ég man þig þegar verðlaunin voru veitt í fyrsta sinn í fyrsta. „Það er enginn glæpur í því að Yrsa hafi fengið verðlaunin öðru sinni. Allir félagar í Glæpafélaginu voru sammála um að hún væri óumdeilanlega með bestu söguna og hún var sú eina sem fékk fullt hús stiga,“ segir Elfar Logi Hannesson úr Glæpafélaginu.

Hann segir því lítinn vafa hafa verið um sigurvegarann á árlegum fundi félagsins. „Þetta er algjörlega mergjuð bók og Yrsa var svo kát með þetta að hún ákvað að fljúga vestur og taka við verðlaununum í eigin persónu.“ Önnundur Jónsson, yfirlögregluþjónn á Ísafirði afhenti Yrsu verðlaunin sem er listgripur, hannaður og gerður af Matthildi Helgadóttur Jónudóttur, og kíló af tindabikkju auk ljósmynda-bókarinnar Sjómannslífs eftir Eyþór Jónsson og þjóðlegrar hljóðbókar frá Kómedíuleik-húsinu.

Að lokinni verðlaunaafhendingu las Yrsa upp úr verðlaunabókinni fyrir viðstadda. „Þetta var verulega vel heppnað kvöld, það var fullt hús og glæpsamlega góð stemming,“ segir Elfar Logi. Í tilefni af verðlaunaafhendingunni var efnt til spurningakeppni sem nefnd var Dreptu betur. „Keppnin var æsispennandi en spurt var um ýmsar glæpasögur,



Ékk Tindabikkjuna öðru sinni



Yrsa tekur við verðlauninum úr hendi Önundar Jónssonar, yfirlögregluþjóns á Ísafirði.

bæði erlendar og innlendar. Sá sem sigraði svaraði hvorki meira né minna en 22 spurningum af 30 svo að ljóst er að Ísfirðingar eru vel að sér í glæpasheimum bókmenntanna.“

Glæpafélagið tekur sér nú jólafrí eftir langan og strangan lestur

að undanfögnu. „Nú getur maður gripið í aðrar bókmenntir svona fyrir jólin, eins og til dæmis Jón Kalman og fleiri spennandi bækur sem bíða á náttborðinu. Það eru mjög góð bókaþól núna og alveg sérstaklega góð glæpaþól.“ Glæpafélagið heldur þó áfram

starfsemi sinni fljótlega á nýju ári. „Við notuðum tækifærið á fimmtudag og lýstum því yfir að Glæpafélagið ætli sér heimsyfirráð eins og öll önnur glæpafélög. Við erum þegar byrjuð að plotta og plana næsta ár og ætlum að vera með morðgátu á Núpi í febrúar.

Við höfum fengið hinn frábæra glæpasagnahöfund Ævar Örn Jósefsson í lið með okkur og hann ætlar að semja morðgátuna sem verður sérsniðin fyrir Núp. Þetta verður kynnt fljótlega og þá getur fólk farið að tryggja sér gistinguna en morðgátan tekur

heila helgi. Í byrjun helgarinnar verður einhver myrtur og svo er helgin tekin í að leysa gátuna um hver sér morðinginn. Allir gestir eru grunaðir og hver veit nema morðin verði fleiri en eitt.“

– thelma@bb.is



Yrsa las upp úr bókinni fyrir viðstadda.



Glæpafélag Vestfjarða er nú komið í jólafrí.

Ísfirskir fuglar

Nýlega var heimildamyndin *Stansað Dansað Öskrað* frumsýnd á Ísafirði. Myndin rekur sögu hljómsveitarinnar Grafíkur síðastliðin 30 ár. Um þessar mundir sendir hljómsveitin líka frá sér safndisk en eitt laganna, Bláir fuglar hefur gert það gott á vinsældarlista Rásar 2 að undanfögnu. BB spjallaði við Egil Örn Rafnsson sem hefur verið trommari Grafíkur frá því að faðir hans, Rafn Jónsson féll frá árið 2004.

Upptökur í Hnífsdal

„Heimildarmyndin spannar feril sveitarinnar alveg 1981 til 2011. Það er farið vel yfir málin og þetta er skemmtileg saga. Það eru margir sem komu að þessari hljómsveit og það hafa orðið miklar mannabreytingar í henni í gegnum tíðina þótt kjarninn sé ennþá sami.“

Myndin sem er 80 mínútur hefur verið í vinnlu síðan 2004. „Allavega hugmyndavinnan en svo breyttist mikið á vinnsluferlinu. Það er gaman að sjá mikið af þessu gamla myndefni bregða fyrir. Eins og til dæmis úr félagsheimilinu í Hnífsdal þar sem fyrstu plöturnar voru teknar upp.“

Þeim sem misstu af myndinni í Ísafjarðarbíó er bent á að hún fylgir á DVD með safnplötunni sem Grafík er að gefa út. En er hljómsveitin ennþá til? „Já, hún hefur aldrei hætt formlega eða haldið lokatónleika eins og svo mörg bönd sem halda lokatónleika einu sinni á ári.“

Jafnaldri hljómsveitarinnar

Hljómsveitin Grafík er 30 ára gömul um þessar mundir og því nokkurnvegin jafn gömul Agli Erni. „Já, ég fæddist stuttu eftir

að fyrsta platan kom út. Það má eiginlega segja að þessi hljómsveit sé uppeldisfélagi minn.“

Egill Örn tók svo við af föður sínum og settist við trommurnar árið 2004. „Það var á útgáfuafmæli plötunnar *Get ég tekið séns*. Pabbi skipulagði þá en féll svo frá. Þannig að þeir breyttust í að verða einhverskonar minningar-tónleikar og heiðursfögnuður, tónleikar sem erfitt er að setja puttann á en voru magnaðir. En ég hafði einhvernvegin alltaf vitað að ég tæki við honum.“

- Eruð þið líkir trommarar? „Við erum meira líkir en ólíkir og þessvegna á ég nokkuð auðvelt með að kópera hann. Það eru ekki margir sem ná því en ég náttúrliga ólst upp með hann í eyrunum. Við þykjum báðir frekar öruggir trommarar, taktfastir og kraftmiklir. Trommum með reisn,“ segir Egill Örn og hlær. „En svo get ég líka verið mjög ólíkur honum þegar ég er í öðrum verkefnum.“

London

Egill Örn flutti til London í október síðastliðnum en áform hans röskuðust þegar hann axlarbrotnaði skömmu áður en hann fór út. „Ég var að leiðsegja ferðamönnum á fjórhjóli og keyrði fram af hengju. Mér tókst að brjóta bringubeinið líka. En ég vona bara að ég jafni mig. Það er svolítið fyrir trommara að axlarbrotna eins og fyrir fótboltamann að ristarbrotna. Ég var búinn að fá eitt sex mánaða verkefni þarna úti en get lítið fylgt því eftir. Núna er ég því að vega og meta hvað ég geri, kannski maður fari bara í skóla. Ég hef alltaf búið hér á Íslandi og það var kominn tími til að prófa að flytjast út,“ segir Egill Örn að lokum.



Þegar þú ert kominn á þennan aldur er gott að eiga væn lífeyrisréttindi hjá Lífeyrissjóði Vestfirðinga, ásamt séreignarsparnaði.

Kannaðu reglulega hvort iðgjöldin þín hafa ekki skilað sér á réttan stað á réttum tíma.

Það skoðar þú með lykilorðinu þínu á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is.

Sjóðfélagavefur eða með því að hringja á skrifstofu sjóðsins.

Lífeyrissjóður
Vestfirðinga
óskar
Vestfirðingum
og öðrum
landsmönnum
árs og friðar



LÍFEYRISSJÓÐUR
VESTFIRÐINGA

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Breytt aðgengi að Ásgeirsbakka

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að deiliskipulag Ásgeirsbakka á Ísafirði verði samþykkt með þeim breytingum að lóðin minnki um sex metrum frá suðurhluta Ásgeirsbakka, í samræmi við teikningar frá Teiknistofunni Eik. Ísafjarðarbær auglýsti deiliskipulagsbreytingu á svæðinu í september en markmiðið með þeim er að auka á þróunarmöguleika svæðisins og virkja vannýtt svæði á eyrinni sem og að efla safnasvæðið og hafnarsvæðið með aukinni ferðabjónustu.

Breytingin felur m.a. í sér að ný lóð, Ásgeirsgata 1a, bætist við suðvestan við Ásgeirsgötu 3, sem einnig fær skilgreinda lóð. Lóðin

að Ásgeirsgötu 1a er ætluð fyrir gistiheimili og skylda starfsemi. Sjósportmiðstöð Íslands á Ísafirði hefur mótmælt fyrirhuguðum breytingum og telur Rafn Pálsson hjá miðstöðinni að breytingarnar geti orðið íþyngjandi fyrir fyrirtækið þar sem aðgengi að höfninni og aðgengi viðskiptavina Sjósportmiðstöðvarinnar verði skert. Ef farið verður í fyrirhugaðar breytingarnar óskar Sjósportmiðstöðin eftir því að hluti lóðarinnar við Ásgeirsgötu 1a verði áfram hafnarsvæði þannig að allir geti ferðast um hafnarkantinn án takmarkana.

Stjórn Sæfara, áhugafólks um sjósport telur það nauðsynlegt að hægt verði að komast gangandi frá Ásgeirsbakka að Neðsta-

kaupstað og þar með Sæfara, án hindrana. Sæfari stendur fyrir fjölbreyttri starfsemi, þ.á.m. barnastarfi og telur stjórn félagsins að öryggisins vegna sé mikilvægt að aðgengi frá fjöru að bakka sé óhindrað þannig að hægt sé að bregðast við ef eitthvað kemur fyrir sem sést ekki úr sjálfri fjörunni. Þá telur Sæfari það ekki síður mikilvægt að aðgengi heimafólks sé tryggt en svæðið hefur verið vinsælt. Þangað leggi leið sína ferðamenn og gestir safnasvæðisins í Neðsta-kaupstað. Ef ekki er gert ráð fyrir gangstétt þá er aðgengið lítið sem ekkert fyrir aðra en hótlegsti.

Þá munu byggingar á Ásgeirsbakkanum erfiða aðgengi Rörás ehf. að skipum sem fyrirtækið

þjónustar við höfnina, að því er fram kemur í athugasemdum sem Valur Richter sendi fyrir hönd Rörás. Óska aðstandendur fyrirtækisins eftir því að vegur eða slóð verði lagður meðfram höfn-

inni þannig að aðgengi verði tryggt. Með breytingunum á lóðinni telur umhverfisnefnd að komið sé til móts við athugasemdir Sjósportmiðstöðvar Íslands, Rörás ehf., og stjórnar Sæfara.

Deiliskipulag í Kjálkafirði

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 7. desember 2011 að auglýsa skv. 41. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010, breytta umhverfisskýrslu dagsetta 1/11 2011 og áður auglýsta tillögu að deiliskipulagi fyrir Vestfjarðaveg nr. 60 í Kjálkafirði. Er þetta gert vegna formgalla á auglýsingu deiliskipulags.

Deiliskipulagið er unnið samhliða breytingu á aðalskipulagi, vegna vegagerðar við Vestfjarðarveg nr. 60, innan sveitarfélagamarka Vesturbyggðar. Um er að ræða breytingu sem fjallar um nýja veglínu á Vestfjarðarvegi milli Eiðis í Vattarfirði og Þverár í Kjálkafirði. Þar sem breytingin nær einnig til Reykhólahrepps er unnið samhliða að aðalskipulagsbreytingunni og deiliskipulagi í báðum sveitarfélögunum. Innan Vesturbyggðar er um að ræða 2,4 km langan kafla rétt norðan við Þverá í Kjálkafirði að sveitarfélagamörkum sem liggja í miðjum Kjálkafirði.

Skipulagið markar stefnu um framkvæmd sem er matsskyld skv. lögum nr. 106/2000. Því er skipulagsbreytingin einnig háð lögum um umhverfismat áætlaða nr. 105/2006.

Tillagan, meðfylgjandi greinargerð og breytt umhverfisskýrsla liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði og á vefsíðu Vesturbyggðar, www.vesturbyggd.is, frá 15. desember 2011 til 16. janúar 2012. Ennfremur mun tillagan liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skal skila til skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 63 450 Patreksfirði, fyrir 1. febrúar 2012 eða í tölvu-pósti á netfangið vesturbyggd@vesturbyggd.is og skulu þær vera skriflegar.

15. desember 2011.

Bæjarstjórinn í Vesturbyggð,
Ásthildur Sturludóttir.



VESTURBYGGÐ



Nancy Bechtloff.

Nancy Bechtloff ráðin framkvæmdastjóri

Nancy Bechtloff hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði. Ráðgert er að hún hefji störf í lok janúar eða byrjun febrúar en hún starfar eins og er sem markaðs- og sölufulltrúi meginlands Evrópu hjá Iceland Express. „Ég er mjög spennt að takast á við þetta verkefni og þar sem ég hef áður búið og unnið á Vestfjörðum, þá leggst þetta mjög vel í mig,“ segir Nancy. Hún var valin úr hópi 22 umsækjenda en stjórn Vesturferða kallaði sex þeirra í viðtal. „Stjórn Vesturferða var einróma um að ráða Nancy í starfið og hlakkar til samstarfsins. Hún telur ráðninguna vera til heilla fyrir vestfirsku ferðabjónustu,“ segir Guðmundur Helgi Helgason, formaður

stjórnarinnar.

Eins og kunnugt er hafa Vesturferðir gengist undir töluverðar breytingar í ár í kjölfar þess að Ferðamálasamtök Vestfjarða keyptu 70% hlut í ferðabjónustu-inni af Hótel Ísafirði og Flugfélagi Íslands í vor. Samtökin ákváðu svo að selja 45% af eignarhlut sínum.

Ríflega fimmtíu ferðabjónar tóku þátt í hlutfjárárukningu ferðaskrifstofunnar Vesturferða sem efnt var til með það að markmiði að sameina þá sem koma að ferðabjónustu á Vestfjörðum og bjóða viðskiptavinum upp á eina öfluga sölugátt inn á svæðið. Nancy segist lítast mjög vel á þessar breytingar. „Mér finnst þetta nauðsynlegt skref, að sam-

eina markmiðin og vinna saman að því að ná þeim. Þetta verður mjög spennandi verkefni og ég hlakka til að taka þátt í því.“

Nancy hefur mikla reynslu af ferðabjónustu og hefur til að mynda unnið hjá Ferðamálastofu Íslands í Þýskalandi. Einnig hefur hún áður komið að ferðabjónustu á Vestfjörðum. „Ég var sú sem tók á móti fyrstu sjóstangaveiðimönnum sem fóru til Tálknafjarðar og Súaðvíkur sumarið 2006. Ég vann svo 2009 og 2010 í Reykjavík á ferðaskrifstofu í Reykjavík og sá þá um sjóstangaveiðimennina sem fóru til Suðureyrar og Flateyrar.“ Nancy flytur vestur eftir áramót og segir að næstu skref verði að leita sér að húsnaði.

– thelma@bb.is

Þögnin var næstum alger, en hún heyrði hjartsláttinn greinilega. Hann ómaði í eyrum hennar og truflaði hugann. Hér sat hún ein á steini í fjörunni og vissi vart hvers vegna. Lífið hafði leikið hana grátt síðustu árin. En hafði það verið henni erfiðara en öðrum Íslendingum?

Spurningarnar hrönnuðust upp líkt og óveðursský á himni á fögrum sumardeg. En það var ekki sumar. Þvert á móti. Veturinn ríkti með snjó og kulda en ægifygnum dögum á milli líkt og núna. Spegilsléttur sjórinn blasti við og ljósín í þorpinu blikuðu á fletinum svo vart mátti á milli sjá hvort var veruleikinn, það sem í sjónum bjó þessa stundina eða húsín, bílarnir og fólkíð sem við blasti þegar hún leit upp.

Sjórinn heillaði frekar. Gat það verið að hana langaði frekar að gefa sig honum á vald en halda upp í þorpið á ný? Ekkert beið nema skuldir, óuppperðar sakir við nánast alla sem hún þekkti. Fjölskyldan var henni andsnúin og meira að segja börnin hennar voru henni reið. Fjandakornið, hugsaði hún, ég sé þó fyrir þeim, ekki gerir þessi uppskrúfaði og marglofaði faðir þeirra það. Eina orðið sem henni kom í hug þegar hugurinn hvarflaði að honum var ónytjungur. Alger ónytjungur, mannleysa og aumingi í fallægum umbúðum, vel klæddur og myndarlegur. Ekki skemmdir tannburstabrosið fyrir. Enn heillaði Frið-

ar af kynlífi var með þeim hætti að engan veginn samræmdist hugmyndum hennar eða því sem lesa mátti í bókum og sjá í kvikmyndum. Hér voru bara hallærisdúddar, óspennandi og fákunnandi bæði á mannasiði og það hvernig umgangast ætti kvenfólk. Þeir kunnu sig ekki, drukk of mikið og höfðu engan metnað, vildu bara á sjóinn. Ó hvað það hefði verið gott að hugsa aðeins lengra og vera ekki svo óþolinmóð.

En lífið beið í Reykjavík, eða svo hélt hún eins og margar aðrar. Þar yrði allt betra og tækifærin stórkostlegri. Vissulega hafði verið gaman í Menntaskólanum í Reykjavík, þessari gömlu, virðulegu menntastofnun sem rakti uppruna sinn til Skálholts á elleftu öld. En eins og saga skólans hafði verið bröðót, svo átti hennar saga eftir að reynast, ekki strax að vísu. Ó hvað það var gott að vita aldrei hvað beið í lífinu, að geta átt vonir og þrár og ræktað hvort tveggja. Lífið varð svo miklu léttara þegar engin ský voru á himni, ekkert óveður framundan, allt hjart og fagurt. En svoleiðis er lífið víst ekki öllum.

Magðalena gat ekki slitið augun af myndinni sem blasti við á sjónum. Hana langaði að hverfa inn í þessa sléttu og felldu fegurð. Bara ef allt væri svo einfalt. Bæði börnin hennar og foreldrar vildu að hún og Friðrik myndu hefja sambúð að

kvöldin og skila árangri í náminu. Reyndar gerðu þau athugasemdir við félagsskapinn sem hún var í. Þau vildu að hún hætti samskiptum við parið Nonna og Gunnu, sem reyndar voru sérstök, gengu sérkennilega til fara í svörtum fötum og hvítmáluð og höfðu ekki mikinn áhuga á náminu.

Þegar hún maldaði í móinn voru þau föst fyrir. Magðalena hét því óhikað fram að engum kæmi við hverja hún legði lag sitt við. Hún réði því. Þau voru sammála og sögðu ljúflega að hún skyldi þá finna sér annan samastað. Eftir nokkurra daga kalt stríð lét hún í minni pokann og sleit að mestu samskiptunum við parið með þeirri skýringu, að námið þyrfti að ganga fyrir. Skólafélagarnir urðu eftir það fremur kunningjar en vinir og hún einangraðist nokkuð. En námið gekk vonum framar.

Fyrst á eftir voru samskiptin við þau gömlu hjónin stíð og henni fannst það einkamál hverja hún veldi sér að vinum. En þegar þíða komst í samskiptin, þegar hún fór að vera meira heima við og betri samskipti að takast smám saman, þá skildi hún betur að enginn getur farið sínu fram að öllu leyti. Bara að hún hefði munað þessa einföldu staðreynd þegar fram í sótti. Jónína og Helgi urðu henni brátt eins og aðrir foreldrar og þegar fram í sótti dró mjög úr útiveru hennar á kvöld-

hjálp þeim sem áttu erfitt uppdráttar. Það skipti máli, ekki glansandi fín hús og bílar og tízkuföt. Það var hjartað, hjartalagið var mikilvægast og réð öllu um hamingjuna.

Þau höfðu bæði verið félagar í Slysavarnafélaginu lengi og létu sér annat slysavarnir. Nú var allt breytt, fannst Helga. Þetta var orðið atvinnumannafélag. Auðvitað voru flestir í sjálfböðavinnu sem fóru út að leita og bjarga. En stjórnendur voru allir atvinnumenn á launum, fóru ekki sjálfir á staðinn til að bjarga eða leita í vondum veðrum. Þeir sátu á hlýjum skrifstofum og sögðu hinum fyrir verkum. Magðalenu var ljóst að þetta mislíkaði þeim hjónum verulega. En þau borguðu alltaf framlagið sitt og töluðu ávallt vel um félagið. Þeir höfðu fundið lík sonarins þegar báturinn fórst fyrir mörgum árum. Félagi hans fannst ekki og voru þeir báðir öllum harmdaði. Smám saman varð Magðalenu ljóst að þótt Helgi segði aldrei neitt bjó innra með honum sú víska, að rangar ákvarðanir hefðu verið teknar um það hvernig staðið skyldi að leit og björgun þegar sonur þeirra fórst. Jónína hafði eitt sinn nefnt eitthvað í þá veruna þegar þær sátu einar í eldhúsinu. En fólk af hennar kynslóð sagði aldrei hreint út neitt sem tálka mætti sem ásökun. Slíkt var ekki stíll þeirrar kynslóðar.

Menntaskólaárin liðu hratt. Hún

borið vandræði sín ein og óstudd, ekki velt þeim yfir á aðra. Var það kannski vandamálið nú? Hefði hún átt að ræða þau við foreldra sína, segja börnunum meira? Hefðu þau þá ekki snúist gegn henni? Hún vissi það ekki og starði tómun augum út á spegilsléttan sjóinn innan við Þvereyrina. Aldrei hafði þessi mynd verið svo falleg, aldrei svo skýr, aldrei svo freistandi. Hún óskaði þess eins að geta horfið inn í þessa óspjölluðu fegurð og látið leiðindi og erfiðleika lönd og leið.

Hvernig höfðu Jónína og Helgi farið að? Aldrei heyrði hún þau kvarta, aldrei rifust þau og virtust sammála um flest ef ekki allt. Þau voru að minnsta kosti sammála um að þau hefðu lifað góðu lífi. Þó vissi Magðalena að missir þeirra þegar þau komu til landsins voru þær mikill. Soninn syrgði þau og verst þótti þeim að hann skyldi grafinn úti á landi, þar sem þau bjuggu eftir að Helgi gerðist sjómaður þegar þau brugðu búi í Strandasýslunni. En það verður ekki á allt kosið, eins og Helgi sagði stundum þegar erfiðleika bar á góma. Oft hafði Helgi þessi orð yfir fyrsta veturinn hennar Magðalenu í Reykjavík þegar þau Jónína reyndu með hægð að fá hana til að skilja að hið meinta nýfengna frelsi hefði einnig í för með sér skyldur gagnvart henni sjálfri og öðrum, líka þeim Helga og Jónínu.

Þetta er okkar heimili, sagði Jón-

Ekki meira en þú þolir

rik foreldra hennar og börnin. Börnin sem hann hafði aldrei hirt um og myndi sennilega aldrei gera.

Sjórinn blasti við, fagur eins og glansmynd, lofandi, bauð henni til sín. Og um leið lausn allra vandamála. Erfið samskipti við fjölskylduna höfðu einkennt síðustu árin. Vondur fjárhagur bætti þar ekki úr. Engar lausnir í sjónmáli. Þorpið var enn á sínum stað og þangað hafði hún komið með börnin þeirra Friðriks, þau Maríu og Jósef, þegar allt var komið í hönk í Reykjavík. Friðrik hafði elt þau vestur og strax komið sér í mjúkinn hjá foreldrum hennar, afa og ömmu barnanna. Þau sáu ekki sólina fyrir þessari mannleysu sem hafði sóluðað öllu því sem hún vann fyrir í bankanum. Á fyrstu samvistarárum þeirra hafði hún unnið fyrir honum, haldið honum uppi í háskólanámi. Ekki vantaði að hann skartaði fínum titlum, viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri í eigin fyrirtæki. Magðalena hafði starfað í Landbúnaðarbankanum í Reykjavík og unnið sig upp í deildarstjórastöðu þótt hún væri bara með stúdentspróf.

Aðeins 16 ára gömul hafði Magðalena yfirgefið þorpið við fjörðinn til þess að fara í menntaskóla í Reykjavík. Markmiðið var bara eitthvað annað en að vinna í fiski. Að standa meira og minna bogin í baki við fiskvinnslu alla starfsævina var ekki freistandi. Strákarnir í þorpinu voru heldur ekki spennandi. Fyrsta reynsla henn-

nýju. Sambúð, eins og þau vissu hvað hafði gengið á! Nei, ekki einu sinni börnin, börnin hans, börnin hennar, höfðu hugmynd um skilning föðurins á sambúð. Væru það viðskipti héti hugmynd Friðriks um sambúð full þjónusta til borðs og sængur. Fullt frelsi til að gera það sem honum sýndist, innan heimilis sem utan, innan svefnherbergis sem utan, með hverjum sem honum hentaði þegar svo bar undir. Börnunum hafði hún haldið utan við. Að foreldrar hennar snerust nú gegn henni var meira en hún gat þolað.

Fyrsta árið í Reykjavík var bæði erfitt og spennandi. Ekkert var eins og í þorpinu heima. Allt var að gerast og menntaskólinn ævintýri út af fyrir sig. Erfiður var hann en skemmtilegur og Magðalenu gekk vel, svona að mestu leyti. Talsverður tími fór í það að kynnað lífinu og krökkunum, að njóta til fulls nýfengins frelsis. En ekki var það fullkomið. Hún bjó hjá gamalli frænku sinni og manningum hennar. Þau voru úr sveit einhvers staðar að vestan, úr Strandasýslu hélt hún. Frænkan Jónína var þaðan en Helgi maðurinn hennar úr Ísafjarðardjúpi, bæði voru hæg og góð og skiptu sjaldan skapi.

Framan af sögðu þau fátt en þegar þeim ofbauð útstælsið á Magðalenu gripu þau í taumana og gerðu henni ljóst, að ætlaði hún að vera hjá þeim giltu einfaldlega reglur sem yrði að fara eftir. Hún ætti að koma heim fyrir klukkan hálfellefu á

in. Í staðinn notaði hún tímann í námið og stundum spjölluðu þau þrjú margt yfir kvöldkaffinu.

Þau voru gamaldags í hugsun og hún hafði gaman af. Líf þeirra var að sumu leyti einfalt. Góðhjörtað voru þau, vildu Magðalenu vel. Þau höfðu átt einn son, sjómann sem drukknaði ungur, og létu sér kannski annara um hana fyrir vikið. Vinnu-semi var dyggð og þó að bæði væru hætt að vinna féll þeim aldrei verk úr hendi. Jónína þrjónaði og saumaði, heimsótti annað gamalt fólk á daginn og las fyrir það. Heimilið var ávallt í fullkomnu lagi. Húsgögnin gamaldags en samt eins og nýkomin úr búðinni, allt hreint og fínt. Yfir heimilinu hvíldi ró og friður.

Helgi hafði verið útvegsbóndi, búið með fáar kindur og sótt sjóinn. Síðar varð hann sjómaður og loks verkamaður í frystihúsi. Öll vinna var góð. Það þarf bara að sinna henni vel og gefa lífið og sálina í hana. Vel unnið verk sýnir að sá sem vann það bar virðingu fyrir vinnu sinni. Sú hugsun var að hverfa. Í staðinn vildu allir græða peninga og verða ríkir. En til hvers? Verða menn hamingjusamir af því að verða ríkir, eiga peninga og geta leyft sér allt sem hugurinn gírnist? Nei, peningar hafa aldrei gert neinn hamingjusaman. Þeir hafa afvegaleitt menn, fengið þá til að hugsa um annað en það sem skiptir máli. En hvað skipti þá máli? Að láta sér þykja vænt um fólk, vera góður og

kom heim um jól og páska ef til þess viðraði, sem stundum var ekki þegar flug féll niður. Á sumrum vann hún í frystihúsinu á Þvereiri við Bolafjörð. Alltaf var gott að koma heim. Allir tóku vel á móti henni og strákarnir létu hana í friði. Hún var of forfrömuð fyrir þá, fannst henni, og þeim víst líka.

Síðasta sumarið fyrir stúdentspróf gat hún fengið vinnu í Landbúnaðarbankanum í Reykjavík. Þá loksins losnaði hún úr fiskvinnunni sem var svo leiðinleg. Hversu oft hafði hún ekki saknað hennar síðan? Auðvitað var vinnan erfið, fór ekki vel með hendurnar og stundum var henni kalt. En samstarfsfólkið var almennilegt svona inn við beinið, hrjúft á yfirborðinu, undir sló hlýtt hjarta. Hver stríddi við sínar sorgir en hellti þeim ekki yfir alla eins og nú tíðkaðist. Nú bera menn sig í blöðum og tímaritum hver sem betur getur. Er enginn munur lengur á körlum og konum? Þeir eru orðnir eins og verstu kerlingar. Allir opna sínar innstu sálarkirnir og segja frá öllu. Ætti hún að gera það?

Magðalenu varð hugsað til Jónínu. Hún bar sorgir sínar með reisu og ræddi þau mál ekki fyrr en þær höfðu þekkt lengi og þá mjög varlega. Það var þungt undir, en einnig sú víska að sá sem öllu réð legði ekki meira á fólk en það gæti borið. Fólk ætti að standa undir því sem skaparinn ætlaði því að fást við og bera harma sína í hljóði. Kannski var það rétt. Magðalena hafði sjálf

ína stundum, og þitt líka meðan við förum eftir þeim samskiptareglum sem leiða til þess að sambylíð verði gott. Þegar nokkuð var liðið á fyrsta veturinn gekk allt vel og henni leið vel. Heima höfðu báðir foreldrar hennar unnið mjög mikið enda talsvert fyrir því haft að ala upp sex börn sem fæddust með tólf ára millibili.

Fyrsta árið var árangurinn í skólanum ekki svo merkilegur en hafði farið batnandi þegar leið á veturinn og hún náði tókum á námsefninu og fannst þetta skemmtilegt. Fyrir vikið hafði hún lítið af skemmtanarlífinu að segja. Sá kafla varð út undan og enginn söknuður þess vegna. Að takast á við krefjandi verkefni var nægilegt viðfangsefni og sumir kölluðu hana kúrista og kennarasleikju. Ekki að slíkt skipti máli. Hún eignaðist ekki marga vini, eiginlega enga, en nokkra kunningja sem voru þægilegir og reyndar vissi hún lítið um aðstæður þeirra.

Stelpurnar höfðu meiri áhuga á strákum en námsefninu. Menntaskólinn hafði forgang næstu tvö árin eftir að hún fór að ná góðum tókum á náminu. Strákarnir gátu vel beðið. Þeir voru hvort eð er ekkert spennandi, sögðu alls kyns vafasamar uppáfarasögur af sjálfum sér. Endalaus metingur í gangi þeirra í millum. Sjálf var hún sannfærð um að allt væri þetta uppspuni og fannst þeir hallærislegir úr hófi fram. Barnaskapur þeirra reið ekki við einteyming. En kannski gerði

hann það einmitt. Allar þessar sögur báru þess merki að ríða við einteyming. Að þessu gat Magðalena hlegið þegar bekkjarsystur hennar reyndu að fá hana með í partí eða á böll.

Kvöldin heima með gömlu hjónunum reyndust bæði bezta skemmtun og einkar fróðleg. Þau sögðu frá liðnum tíma og búskaparháttum sem voru löngu horfnir. Sumt skildi hún engan veginn, en unun var að hlusta á þau, enda töluðu þau gott mál og notuðu ýmis málteki sem voru henni ekki töm. Hjá þeim heyrði hún í fyrsta skipti spakmælið að enginn ræður sínum næturstað. Hún átti eftir að skilja það betur síðar.

En sakleysi unglingsáranna var henni ekki glatað. Fyrsta reynsla hennar af kynlífi var með þeim hætti, að hún hlaut að velta því fyrir sér hvað væri svo eftirsóknarvert við það. Hvers vegna allir komust ekki af því stigi að tala endalaust um eitthvað sem hafði reynzt svo ómerkilegt að hún leiddi aldrei hugann að því, eða nánast ekki. Auðvitað varð Magðalenu ljóst að Helgi og Jónína hlytu að vera ósamála um eitthvað, stundum að minnsta kosti. En það syndu þau aldrei. Jónína sagði einstaka sinnum við hana, að þegar hún hefði fundið sér mann skyldi hún muna eitt öðru fremur: Aldrei skaltu ganga til hvílu ósátt við manninn þinn. Bara að það heilræði hefði enzt Magðalenu. En lífið var ekki einfalt, sagði Helgi. Það sem skipti máli var að gera það bezta úr aðstæðum hverju sinni og muna að almættið úthlutaði ekki erfiðari verkum en það treysti fólki til að leysa. Hún hafði oft óskað þess að satt væri.

Sumarið sem hún vann í bankanum var sérlega spennandi. Skyndilega var hún í hringiðu alls sem var að gerast á Íslandi. Mikill uppgangur í bankakerfinu. Menn fóru að kaupa hlutabréf og það var eins og aldamótakreppan væri liðin. Bjart-sýni ríkti með sölu ríkisbanka og hagræðingar spáðu bjartri fjárhagslegri framtíð fyrir þjóðina. Magðalenu fannst gaman að vinna í bankanum, ekki sízt eftir að hún var færð úr því að vera aðstoðarmaður gjaldkera og gerð að gjaldkera sjálf og síðar látin leysa af deildarstjóra í útlánaeild. Eitthvað var það sem heillaði við að sjá viðskipti komast á, peninga skipta um hendur og skila arði.

Störfin léku henni í hendi. Yfirmaðurinn í útibúinu sá strax að hún var lagin í mannlegum samskiptum, kunní að lesa kunnann, eins og hann orðaði það. Henni fannst stundum að hún skynjaði ósjálfrátt hvort kunninn segði satt eða ósatt. Þessi eiginleiki varð henni til framdráttar í starfi, enda ómetanlegur. Fyrst hafði viðskiptavinur klagad hana fyrir örökstudda neitun á lánveitingu. Útibússtjórinn fór yfir málið, ræddi ítarlega við Magðalenu og komst að þeirri niðurstöðu að hún hefði rétt fyrir sér og hefði greint málið skjótt og greinilega. Hann bauð henni fast starf í bankanum. Hún hafnaði því með þeim rökum að stúdentsprófinu væri ólokið.

En því var ekki að neita að hún fann til sín, ekki sízt þegar henni var boðið að koma aftur til starfa í jólafríinu og launin hækkuð svo

um munaði. Þetta var eitthvað annað en fiskvinnan heima. Spennandi starf og alltaf nóg að gerast.

Nú sat hún ein og yfirgefín í fjörunni heima á Þvereyri. Eða var kannski ekkert sem hét heima? Sennilega ekki. Hugurinn hvarflaði til gömlu hjónanna, sem nú voru komin á elliheimilið Grund. Þau hafði langað að eyða ævikvöldinu vestur á fjörðum, nær alvöru lífi, eins og Helgi orðaði það. Jónína hafði mestan hug á því að vera nálægt Jóhannesi syni sínum, sem hvíldi í kirkjugarðinum á Skutuls-eyri. En það var ekki hægt. Dvalar-pláss fyrir gamalt fólk var ekki til reiðu. Of margir sóttu um. Auðvitað voru rýmin of fá. En þetta var mál-notkun sem hún skildi engan veginn fremur en gamla fólkið. Svona var málið sem notað var í bankanum og reyndar öllum bönkum. Því miður komst hún of seint að því hvað var á seyði.

Sumarið í Landbúnaðarbankanum kynntist hún Friðriki Sigurðs-syni, afskaplega myndarlegum ungum manni. Hann bauð af sér góðan þokka. Í ljós kom að Friðrik var viðskiptafræðingur og rak eigið fyrirtæki í samvinnu við félagi sinn úr viðskiptadeild háskólans. Um var að ræða ráðgjafarfyrirtæki sem hét því skemmtilega nafni Þróttur og Þor ehf. Síðar kom rækilega í ljós að um var að ræða algert rangnefni. Öfugsnúningurinn var þvílíkur að rétt hefði verið að kalla það Skræfu og Skjalafals ehf. eða eitthvað álíka.

Trúgirmi hennar var alger. Friðrik var alltaf vel klæddur og allar stúlurnar í bankanum voru yfir sig hrifnar, líka þær eldri sem voru giftar. Þær sáu ekki sólina fyrir honum. Hann gekk á eftir Magðalenu og vildi bjóða henni út að borða. Þrátt fyrir viðvaranir Jónínu, sem sagði að ekki væri allt gull sem glóði, lét hún undan og fór með honum í dýrindismáltíð á Hótel Holti. Hann sló um sig og þjónarinn voru stimamjúkir. Konur í hópi gesta fengu stjórnmur í augun. Ein þeirra hvíslaði að Magðalenu á klósettinu hvað hún væri heppin að hafa náð í Friðrik. Magðalena svaraði að hann hefði ekkert náð í sig, þau væru bara að borða. Hún hefði þegið matarboð hans og ekkert meira. Konan sagði þá að ekki leyndi sér að Friðrik væri yfir sig hrifinn af henni. Enda væri hún hans týpa, ljóshærð með sítt hár, bláeygð og grönn og miklu fallegri en síðasta kærastan hans. Litla stund læddist að henni efi um að rétt hefði verið að þiggja boðið.

En athyglin var góð og hún vissi að stúlkurnar í bankanum öfunduðu hana af boðinu og samvistum við þennan myndarlega og eftirsóttu mann. Ó hvað lífið hefði verið einfaldara hefði hún látið þetta augna-blikshugboð ráða framhaldinu. Það gerði hún ekki, illu heilli, og þó! Jónína varaði hana ítrekað við en hún lét það sem vind um eyrun þjóta. Innihaldið skiptir meira máli en útlitið, hafði hún sagt, og Helgi tekið undir og minnt á að oft væri flagð undir fögru skinni.

Magðalena var bara 19 ára og ekki lífsreynd og féll kylliflöt fyrir Friðriki. Hún tók stúdentsprófið kasólétt og gekk bara vel og fékk að vera áfram hjá Jónínu og Helga. Samt vissi hún að það gengi ekki til



Ólafur Helgi Kjartansson, fyrrum skattstjóri og síðan sýslumaður á Ísafirði og nú sýslumaður á Selfossi hefur um langt árabil ritað jólasögur í Bæjarins besta. Sú fyrsta birtist í jólابلaði BB árið 1986 og síðan hafa sögur hans birst árlega an undanskildum árunum 1992 og 1993. Hér birtist nýjasta jólasaga Ólafs Helga „Ekki meira en þú þolir“

lengdar þótt þau vildu allt fyrir hana gera. Þau minntu reglulega á að öll börn væru velkomin þótt þau hefðu fullan vara á Friðriki sem kom ekki nema tvisvar í heimsókn til þeirra.

Eftir stúdentsprófið varð spennufall. Hún var í lausu lofti. María Jónína fæddist einum og hálfum mánuði eftir stúdentsprófið, fallet og glaðvært lítið barn, núna komin vel á tíunda ár. Hún varð augasteinn gömlu hjónanna og reyndar foreldra hennar líka þegar fram í sötti.

Allt sumarið var Friðrik sinnu-lítill um hana og barnið en svo varð skyndilaga breyting um haustið. Þá gekk hann á eftir henni líkt og í upphafi og vildi að þau tækju upp sambúð. Hún var treg til, vissi að hann hafði skemmt sér hraustlega með öðrum konum um sumarið, einkum einni sem líktist víst Magðalenu mjög. En þegar á leið og hún hafði engar tekjur ennþá lét hún undan og þau tóku upp sambúð. Ári seinna fæddist Jósef Helgi. Seinna nafnið hvarf fljótt enda reyndist hann þegar fram í sötti líkur föður sínum, sjarmerandi en kærulaus og ekki nógu traustur.

Tveimur árum eftir stúdentsprófið fór Magðalena aftur að vinna í bankanum, nú í aðalstöðvunum.

Hún fann sig í vinnunni en heima fyrir gekk allt á afturfótunum. Friðrik vildi ekki giftast og taka á sig ábyrgð. Þá fyrst áttaði hún sig á því að hann væri mannleysa. Enda kom fljótlega í ljós að þrátt fyrir Þrótt og Þor ehf. stóð Magðalena ein undir útgejöldum heimilisins. Eilíft mis-klíðarefni var að fá hann til að skýra frá tekjum sínum. Svo komu frá-hvörfin af heimilinu. Því miður reyndist hann vera í sambandi við aðrar konur.

Fyrir tveimur árum hafði hún talað við prestinn á Þvereyri, sagt honum frá ástandinu og löngun sinni að læra meira. Gamli sóknar-presturinn hafði hlustað og sagt fátt en spurt hvort hún gæti ekki komið heim, það vantaði sparisjóðsstjóra. Hún sló til og allt gekk upp.

Nú var sparisjóðurinn fyrir bí og sameinaður Landbúnaðarbankanum. Þar vildi hún helst ekki vinna, mundi allt of vel hvernig bankinn hafði otað stórum lánum að saklausu launafólki sem trúði því í góðeríni að enginn vandi væri að greiða af evrulanum. Verra var þegar hún hafði, óafvitandi og óviljandi, tekið þátt í því að selja fólki hlutabréf sem síðar hurfu út buskann, gufuðu upp líkt og dögg fyrir sólu.

Vissulega sveið henni að hafa á samvizkunni að hafa átt sinn þátt í því að koma saklausu fólki í vand-ræði sem það kæmist kannski aldrei úr. Og nú var sparisjóðurinn innlimaður í þetta spillta kerfi sem allir gátu varið, ekki sízt Friðrik.

Lífið hafði verið komið í fastar skorður. Samskiptin við foreldrana voru í þökkalegu horfi. Þó átti hún lítið sameiginlegt með þeim. Þau höfðu alltaf verið fjarlæg en voru Maríu og Jósef góð. Hún var farin að hitta Jón, einn af bekkjarbræðrum sínum, sem reyndar hafði verið hennar fyrsta ást. Jón hafði aldrei gleymt henni og vildi nánara samband, var góður við börnin og hafði góð tök á Jósef, reyndar sá eini. Þá hafði flagarinn Friðrik komið á Þvereyri og byrjaði á því að koma sér í mjúkinn hjá foreldrum hennar.

Í dag hafði soðið upp úr. Þau vildu bjóða honum í mat á morgun, aðfangadagskvöld. Og hann hafði að sjálfsögðu reynt að kaupa börnin. María var ekki ginnkeypt fyrir föður sínum, svo oft hafði hann sviðið hana um heimsóknir og umgengni að hún nánast lokaði á hann. Jósef aftur á móti var auðkeyptur með leikföngum og loforðum. Þegar hún kom heim og foreldrar hennar stóðu sem dáleidd frammi fyrir sjarmatröllinu fór allt í háalof. Magðalena rauk á dyr.

Hér sat hún ein og yfirgefín og sjórinn togaði meira en nokkru sinni fyrir. Hún hugsaði til Helga og Jónínu. Almættið leggur ekki meira á neinn en hann fær staðist, hugsaði hún. Kraftur hennar jókst. Ég skal standa mig, sagði hún án þess þó að vita hvernig. Þá heyrði hún kallað: Mamma! Hún sneri sér við. Þar stóð María litla og horfði tárnotum augum á móður sína: Mamma komdu heim, heim til okkar, ekki til afa og ömmu. Með henni var gamli presturinn og tók undir með barninu: Við skulum setjast niður og ræða málin. Þú veizt hvað þú vilt. Láttu ekkert standa þér í veginum. Þú ert trúúð og vilt börnunum vel. Gerðu það sem þú talaðir um. Lærðu til prests. Guð mun hjálpa þér eins og ævinlega.

Magðalena leit út á spegilsléttan sjóinn. Reyndar var hann að byrja að gárast, enda skiptast á logn og stormur, varð henni hugsað. Fegurð sjávarins heillaði. Hugmyndin um logn og gott líf. Nú vissi hún hvernig málið leystist. Þau myndu borða hjá foreldrum hennar, með einu skil-yrði: Að Jóni yrði boðið líka. Móðir hennar myndi ekki neita henni þeirrar bónar. Friðrik myndi þá missa áhugann. Þannig yrði það. Jóln eru hátíð friðar og henni varð hugsað til einu jólaanna með Helga og Jónínu. Friður á ástúð og aðeins talað um hið góða. Hitt gat beðið betri tíma.

Presturinn leiddi þær mæðgur heim og rétti þeim sinn vasaklúttinn hvorri til að þerra tárin. Hann vissi að málið var leyst, hafði alltaf getað treyst handleiðslu guðs síns. Sú vissa var sæl og jók jólagleðina og predikunin fæddist í huga hans um leið og vissan í huga Magðalenu. Þetta yrðu góð jól þrátt fyrir allt. Hugur hennar var hjá gömlu hjónunum. Eftir áramót skyldi hún fá þau vestur. Hjartað sló léttar.

– Ólafur Helgi Kjartansson.

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 19 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Héraðsdómur Vestfjarða

Hafnarstræti 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



ÍSFANG

Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Leigubílar á Ísafirði
Sófus Magnússon

Sími: 893 8355 – taxi@snerpa.is

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Klofningur ehf.

Aðalgötu 59 • Suðureyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Þingeyri

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Grundarstíg 5 – Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

KUBBUR EHF

Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagötu 2-4 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sýslumaðurinn á Ísafirði

Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sundstræti 45 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Fréttastofa RÚV – Svæðisútvarp Vesturlands og Vestfjarða



Skákmeistarinn í Hnífsdal

Guðmundur Gíslason, verkstjóri í fiskvinnslusalnum hjá HG, tefldi á London Chess Classic nú í desember til að klára síðasta áfangann að alþjóðlegum meistaratitli í skák. Mótið fór fram dagana 3-12 desember en blaðamaður BB náði af honum tali rétt áður en hann flaug út. „Til að verða útnefndur alþjóðlegur meistari af FIDE þarf maður að tefla 27 skákir í ákveðnum styrkleika og jafnframt ná 2400 skákstigum. Ég er búinn að tefla 25 af þeim og ná þremur áföngum að titlinum. Þá er bara að fara og klára þetta í London,“ segir Guðmundur.

Tuttugu tímar á viku

Guðmundur hefur unnið að áfanganum um nokkurn tíma. Hann náði fyrsta norminu í Evrópukeppni félagsliða 2008, öðrum áfanga í Íslandsmótinu 2010 og þriðja á Reykjavíkurskákamótinu í mars síðastliðnum.

„Mótið í London skiptist í nokkra flokka. A-flokkur samanstendur af þeim sterkustu, til dæmis stigahæsta skákmanni heims Magnusi Carlsen, Aronian, Kramnik og fleirum. Ég tefli í svokölluðum FIDE-flokki en þar getur maður lent á móti mönnum sem eru með allt að

2700 ELO-stig. Sjálfur er ég með 2320 stig sem stendur og vantar því líka 80 stig upp í þau 2400 sem maður þarf að ná til að hljóta útnefninguna frá FIDE. Ég tefli tíu skákir á tíu dögum en hver skák getur tekið 6 til 7 tíma.“

- Hvernig undirbýrðu þig fyrir svona mót? „Þetta snýst mest um að stúdera skák og vera með nýjustu fræðin á hreinu. Í raun er maður aldrei nógu vel undirbúinn. Það sem atvinnumennirnir hafa fram yfir mann er meiri tími. Ég undirbý mig meira í törnum því hann ræðst af vinnunni á hverjum tíma. En ég gæti trúað að það fari um 20 tímar á viku í skák hjá mér stuttu fyrir stórmót. Þá í stúderingar og svo það að tefla á netinu. Ég tefli á ICC vefnum og er yfirleitt í styttri skákum, 5 mínútum eða 3 mínútum og viðbótartíma á hvern leik. Þetta geri ég aðallega til að halda mér í taflæfingu. Það er lengra fyrir mig í mótin fyrir sunnan.“

Sá sterkasti innfæddi

Guðmundur segist hafa byrjað af einhverju viti í skákinni árið 1978 á Ísafirði. „Þá var mjög sterkt taflfélag í bænum og ég datt inn í þann félagsskap. Ég hafði strax mjög gaman af skák og hef enn. Ég var mjög virkur á

mótum á árunum milli 1989 og '95. Síðan gifti ég mig, eignaðist tvö börn og fór á sjóinn. Þá varð ástundunin mun tilviljunarkenndari. En svo byrjaði ég á fullu aftur árið 2006. Það hefur háð mér aðeins að vera búsettur hér fyrir vestan og geta ekki tekið þátt í öllum mótunum fyrir sunnan þar sem þátttakendur eru í svipuðum styrkleikaflokki.“

- Hefur internetið ekki gert þetta auðveldara? „Netið hjálpar vissulega þótt búsetan spili aftur inn í því hraðinn á netinu hér hamlar líka. Þegar ég er að tefla á mótum á netinu kem ég mér fyrir helst fyrir á Ísafirði því tengingar þar eru hraðari en hér í Hnífsdal. En auðvitað er ekki sambærilegt að tefla einn fyrir framan tölvu og að vera á mótsstað. Því reyni ég að fara suður í hvert skipti sem er áhugavert mót.“

Guðmundur teflir með hinu fírnasterka Taflfélagi Bolungarvíkur. En er einhver búsettur hér á Vestfjörðum sem á séns í hann á skákborðinu? „Snorri G. Bergsson var að flytjast hingað og hann er mjög sterkur. Og stórmeistarinn Henrik Danielsson er með fasta búsetu á Patreksfirði. En við skulum segja að ég sé sterkasti innfæddi Vestfirðingurinn, segir Guðmundur og brosir.

Mótakostnaður

Guðmundur þarf augljóslega að ferðast töluvert bæði innanlands og utan til að stunda skákina. Það hlýtur að vera dýrt? „Þumalputtareglan er að hver skák á þessum sterku mótum kosti í kringum 20 þúsund krónur. Það fer auðvitað eftir því hversu langt maður þarf að fara. En yfirleitt taka þessi mót 9-11 daga. Ég hef því þurft að setja svolíttinn pening í þetta en Taflfélag Bolungarvíkur hefur líka styrkt mig. Eins vinn ég hjá mjög skilningsríkum vinnuveitanda sem hefur hliðrað til fyrir mig. Í staðinn þarf ég að skipuleggja þetta svolítið fram í tímann. Nú er ég með mótaplan fram í maí. Næst er það London, þar á eftir stefni ég á Gibraltar Open í lok janúar en í mars er það svo seinni hlutinn í deildarkeppni skáklélag og Reykjavík Open. Þar á eftir tefli ég á Skákþingi Íslands, um páskana. Þannig að það fylgir þessu talsverður kostnaður og ef eitthvert fyrirtæki hefur áhuga á að styrkja mig og taka þátt í þessu með mér væri það afar vel þegið.“

- Seturðu stefnuna á stórmeistaratitil þegar alþjóðlegi meistaratitillinn er í höfn? „Verði ég fyrsti Vestfirðingurinn til að ná þeim titli mun ég hugsa alvarlega um

hvort ég eigi ekki að stíga næsta skref. Til að verða stórmeistari þarf maður 2500 stig en það er marga sem spilar inn í. Maður þyrfti meiri tíma í það sem snýr að skákinni en það er allt hægt með vilja og elju.“

Líkamlega formið mikilvægt

Guðmundur segist reyna að hugsa um líkamlega formið enda skipti það álíka miklu máli og í öðrum keppnisíþróttum. „Já, ég er eitthvað að hlaupa og svo spila ég fótbolta einu sinni í viku. Á síðasta móti fann ég að ég var ekki í nógu formi, maður þarf úthald í þessum mótum. Og ég er hættur að keyra suður og fara beint að tefla, það er of erfitt.“

- Stundum er talað um að skák sé hættuleg því hún geti orðið að þráhyggju og menn bókstaflega horfið inn í hana. „Ég held að þetta sé bara einstaklingsbundið. Menn geta lent í einhverju álíka í hvaða íþrótt sem er, fótbolta eða badminton. En það er hart barist í skák eins og öðrum íþróttum og hausinn þarf að vera í lagi. Menn geta orðið alveg jafn brjálaðir yfir því að tapa skák og fótboltaleik,“ segir Guðmundur að lokum.

– Huldur Breiðfjörð.



Jólaþorp úr klemmum og eldspýtum

Lítið, vandað jólaþorp lítur dagsins ljós á hverju ári á heimili á Ísafirði. Það hefur Sigríður Ólafsdóttir smíðað úr þvottaklemmum og eldspýtum. Gestir sem berja þorpið augum eru all flestir gáttaðir á nákvæmnisvinnuna að baki því en hvert hús er innréttað og prýtt með smáum munum.

Þá er þorpið rafmagnað og klætt í vetrarbúning með tilbúnni fönn. „Ég er búin að vera í mörg ár að vinna að þessu og bæti við fyrir hver jól. Þetta byrjaði upphaflega á einhverju fíkti. Eg ætlaði að gera eitthvað úr klemmum en það endaði í húsi og svo vatt þetta upp á sig. Þannig að þetta kom eitt af öðru, alveg óvart. Síðan fór ég að safna litlum sveinum og munum.

Þetta hefur safnast upp á mörgum árum. Það sem er sérstakt við þetta er að þetta er allt gert úr klemmum og eldspýtum sem hjá flestum öðrum er bara ruslviður,“ segir Sigríður. Hún segist taka sér góðan tíma í að setja upp þorpið fyrir hver jól, enda sé það eitt af uppáhaldsjóladótinu. Aðspurð hvort að þorpið vekji ekki athygli gesta segir hún: „Jú virkilega. Allir sem koma í heimsókn kíkja á þorpið. Flestir í hvert skipti sem þeir koma. Það er reglulega gaman að því.“

En er eitthvað í jólaþorpinu sem Sigríður er ánægðari með en annað?

„Já vænst þykir mér um kirkjuna. Ég verð að segja að hún sé í uppáhaldi hjá mér.“





Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 11 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 26 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurgötu 9 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Silfurgötu 6 • Ísafirði

sími 456 6363

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Árnagata 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kirkjuból III • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Eyrargötu • Patreksfirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Suðurtangi 7 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmíðjan Prístur ehf
Sindragötu 8 • Ísafirði

Hafnarstræti 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 21 • Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Sindragötu 12b • Ísafirði

Ástarsaga sem varð til úr söngtexta

Komin er út skáldsagan *Eitt andartak í einu* eftir Hörpu Jónsdóttur. „Þetta er saga sem fjallar um hverfula ást, vináttu og sorg. Samt ekki eins og rauðu ástar-sögurnar,“ segir hún og hlær.

Harpa sem bjó lengi vel á Vestfjörðum þar sem hún starfaði sem grunnskólakennari var útnefnd bæjarlistamaður Ísafjarðarbæjar árið 2002. Hún er nú flutt austur í Vík í Mýrdal ásamt Kristni Níelssyni manni sínum.

Í kynningu um bókina segir: „Á sólþjörtum laugardagsmorgni birtist ófrísk stúlka í sjávarplássi úti á landi. Lárus, borinn og barnfæddur í firðinum, er beðinn um að taka á móti henni á flugvellinum. Þorpsbúar komast smám saman að misjafnri fortíð þessarar hæglatu stúlku; þeir fylgjast með glímu hennar við lífið og áður en yfir lýkur eru örlög hennar samofin lífi fólksins í plássinu og þá sérstaklega Lárusi.

Í þessu fámenna samfélagi speglast mismunandi forsendur þorpsbúa og væntingar. Á meðan sumir hafa búið í plássinu allt sitt líf flytjast aðrir burt og enn aðrir koma þangað til að byrja upp á nýtt eða jafnvel til að finna sér skjól fyrir vindasömu lífi.“

Harpa segir að sjávarplássið eigi sér vestfirska fyrirmynd.

„Þó að ástarsagan sé miðpunkturinn, þá gerist sagan í litlu þorpi og fjallar alveg eins mikið um íbúa þess og þorpslífið almennt. Fyrirmynd að sjálfu þorpinu er héðan frá Vestfjörðum en það er engin fyrirmynd að fólkinu heldur er það hreinn skáldskapur. Ég held að fyrirmyndin verði augljós þeim sem þekkja til. Þorpið var þægilegur rammi til

að vinna með en það er ekki eins og stundum sést í sjónvarpinu, að það sé vegna þess að allir séu svo skrítnir á landsbyggðinni, þarna býr fólk sem er eins og allir aðrir. Það bara hentaði þessari sögu vel að vera með afmarkaðan ramma.“

Aðalpersónurnar spruttu til lífs við lagasmíð

Bókin á sér nokkuð óvenjulegan uppruna. Í stað þess að lög séu samin um miklar ástarsögur varð þessi ástarsaga til úr lagskorni nokkru sem samið var í Bolungarvík.

„Fyrir einhverjum árum var ég að semja söngtexta fyrir manninn minn sem í rauninni tókst nú ekkert svo vel. Ég bjó til bakgrunnspersónur fyrir textann sem lifðu með mér. Þær bönkuðu frekar fast á dyrnar og vildu láta skrifa um sig og eru einmitt aðalpersónurnar í skáldsögunni. Að mig minnir heitir textinn við lagið *Árshátíðin* en þá senu sem þar kemur fram er einnig að finna í bókinni. Bakgrunnur og jafnvel nöfn persónanna urðu til þarna þó svo að það komi ekki fram í textanum. Þær bara spruttu þarna fram nánast fullskapaðar. Þannig hafa þær verið lengi til staðar þó svo að örlög og þeirra líf hafi verið að gerjast síðan þá.“

Sérðu fyrir þér áframhaldandi líf þessara persóna?

„Ekki kannski akkúrat þessar persónur. En ég á eftir að skrifa fleiri bækur, það er klárt mál. Ég er meira segja með þá næstu í huga en það er svo stutt komið á



veg að það er best að segja sem minnst um það.“

Fyrsta skáldsagan

Eitt andartak í einu er fyrsta skáldsaga Hörpu en þriðja bók hennar. Hún hlaut Íslensku

barnabókaverðlaunin árið 2002 fyrir bók sína *Ferðin til Samiraka*. Önnur bók hennar, ljóðabókin *Húsið*, kom út árið 2008. Harpa er ekki síður þekkt sem textillistamaður og áhugaljósmyndari en sem rithöfundur. Hún hefur haldið einkasýningar á út-

saumsverkum sínum, meðal annars á torgi Þjóðminjasafnsins og í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Verk hennar hafa birst í erlendum blöðum og tímaritum og hún hefur unnið til alþjóðlegra verðlauna fyrir þau.

– thelma@bb.is

Gleðileg jól!

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mál-efnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Senn renna jólin upp. Hátíð friðar og vonar er kristnum mönnum fagnaðarefni. Skiptir engu hversu langt hátíðin í mesta skammdeginu nær til fortíðar. Vafalítið kom hún í stað hátíðar heiðinna manna og hentaði vel til að fá fylgjendur nýrrar trúar til frekari festu. Maðurinn er að eðlisfari íhaldsamur, vill ekki breyta því sem hann þekkir. Fæðingardagur spámannsins mikla Jesú Krists hefur verið tímasettur á öðrum stað ársins. Boðskapurinn er mikilvægastur. Friður og mannkærleikur gengur sér aldrei til húðar. Af elsku og mannúð er ekki ofgnótt. Hinn djúpi og einfaldi kjarni jólnanna er ást og umhyggja fyrir fólki. Gjafir voru gefnar Jesú í jötu og sá síður að gefa er góður. Þar þarf að gæta hófs nema þegar mannkærleikur er veittur. Þar verður ekki óhóf.

Jólin eru mörgum kærkomin og öðrum erfið. Samvera fjölskyldu, ættingja og vina er dýrmæt. Of sjaldan gefum við okkur tíma til að rækta samveru, jafnvel þótt samvistir séu fyrir hendi. Að njóta lífsins á einfaldan og góðan hátt með þeim sem okkur þykir vænt um, skipta máli, er gott fyrir sálina og líkamann. Ávallt er þörf friðar á jörðu. Þau eru mörg löndin sem búa við ófrið, stríð og mannfall. Önnur glíma við fátækt, atvinnuleysi og skortir von. Vonin er öllum nauðsynleg, ekki síst á erfiðum tím-

um. Slíka lifum við nú á Íslandi þótt létt sé miðað við marga. Margir Íslendingar eiga við örðugleika að etja vegna ástands í samfélaginu. Atvinnu skortir og sumir telja ójöfnuð aukast. Manngildi hefur verið nokkuð á undanhaldi um skeið og ólu margir þá von í brjósti að nú yrðu stakkaskipti. Tæpast er unnt að fullyrða að svo sé.

Samfélagið hefur breyst. Þá á boðskapur kristinnar trúar rétt á sér. Ísland eins og lönd Vestur Evrópu byggir á kristinni siðfræði. Önnur trúarbrögð sækja á. Þá er hollt að muna skýrt að umburðarlyndi var kjarni boðunar Krists. Haldi menn það í heiðri ásamt umlíðan fyrir öðrum er mikið unnið.

Hvað vildi Jesú Kristur? Hann vildi samkennd, samúð og mannkærleik. Það spratt úr jötunni í Betlehem. Virðum það hvort sem trú okkar er sterk eða skiptir okkur minna máli. Kjarninn á alltaf rétt á sér. Jólaguðspjallið er mörgum leiðarljós og megi það skína skært, ylja okkur um jólin og færa þjóð og landi farsæld. Það er við hæfi að vonin fæðist á eftirminnilegan hátt er sól tekur að hækka á lofti og hillir undir nýtt ár. Megi hvort tveggja færa ykkur lesendur góðir farsæld og frið.

Gleðileg jól!

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

FJARÐANET

Grænagarði • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kampi ehf., rækjuvinnsla
Sindragötu 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



BB Endurskoðun ehf
Bókheldis- og endurskoðunarstofa

Pollgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Hafnarstræti 1 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

Ametyst
hár- og förðunarstofa

Hafnarstræti 19 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



HÁSKÓLA SETUR VESTFJARÐA
UNIVERSITY CENTRE OF THE WEST FJORDS

Suðurgötu 12 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Aðalstræti 19 – 415 Bolungarvík

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Póllinn ehf.,
Pollgötu 2 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Kómedíuleikhúsið Túngötu 17 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



HRAÐFRYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
v / Hnífsdalsbryggju

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Vélsmiðja Ísafjarðar
Mjósundi 1 • 400 Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða

BÍLAVERIÐ ehf

Sindragötu 14 • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða




Hafnarbúðin
Hafnarhúsinu • Ísafirði

Sendum okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og þökkum árið sem er að líða



Torfnesi • Ísafirði



Nokkur andstaða er gegn fyrirhugaðri frístundabyggð á Ingjaldssandi.

Átta athugasemdir bárust við frístundabyggð á Ingjaldssandi

Ísafjarðarbæ bárust átta athugasemdir vegna deiliskipulagslýsingar á Ingjaldssandi en stefnt er að því að byggja frístundabyggð á landi Sæbóls I, II og III og Álfadals og Hrauns. Lýsingin fjallar um sex aðskilin svæði og er gert ráð fyrir fjórum húsum á hverju svæði. Nokkur andstaða virðist vera gegn fyrirhugaðri frístundabyggð. Andstaða er gegn deiliskipulaginu við Vonaland í landi Álfadals en nálægð byggð-

arinnar við samkomuhús áttahagafélagsins Vorblóm er talin geta valdið áreksstrum vegna ólíkra notkun húsanna. Þá er byggðinni í Nesdal mótmælt, m.a. vegna þess að undirlendi fyrir byggðina sé lítið og því megi búast við þó nokkru jarðraski á svæðinu. Þá segir í athugasemdunum að frístundabyggðin í landi Álfadals muni breyta ásjáð svæðisins og dalsins í heild þar sem byggðin verður miðsvæðis og þar með

ekki í samræmi við aðra byggð í dalnum. Byggðin komi til með að stangast á við greinargerð aðalskipulags Ísafjarðarbæjar þar sem segir að uppbygging frístundahúsa skal taka mið að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásjáð þess. Þá er það gagnrýnt í athugasemdunum að deiliskipulagið hafi ekki verið auglýst nægjanlega og ekki gefin nægur tími til athugasemda. Í athugasemdum Skipulags-

stofnun kemur fram að lýsingin hefði þurft að sýna stærð og áætlaða afmörkun hvers svæðið fyrir sig til þess að hagsmunaraðilar ættu betur með að átta sig á um hvaða svæði væri að ræða. Stofnunin bendir á að gera þarf sérstakt deiliskipulag fyrir hvert og eitt þessara svæði þótt fleiri en eitt svæði séu innan sömu jarðar, en stofnunin telur ekki ljóst af gögnunum hvort ætlað sé að vinna þetta sem eina deiliskipulagstillögu

eða fleiri. Umhverfisnefnd fjallaði um athugasemdirnar á fundi nefndarinnar á dögunum. Nefndin ákvað að vísa athugasemdum vegna deiliskipulagslýsingarinnar til landeiganda að Sæbóli I, II og III, Álfadals og Hrauns. Jafnframt bendir umhverfisnefnd á að eiginleg deiliskipulagsvinna er ekki hafin og hægt verður að gera athugasemdir við deiliskipulagið á síðari stigum.

Sælkeri vikunnar er Helga Birna Jónsdóttir á Ísafirði

Amerískur hakkréttur mömmu

Sælkeri vikunnar býður upp á þrjár uppskriftir. „Amerísku hakkréttur mömmu er réttur sem ég ólst upp með og hef notað áfram, en hann hefur fallið vel í kramið hjá börnum mínum og barnabörnum. Einnig er uppskrift af nýjum rétti sem er fljótlegur og þægilegur í jólastressinu. Að lokum er uppskrift af lagkökunni sem ég baka alltaf fyrir jólin og er alveg ómissandi á mínu heimili, en hún kemur frá Óla tengdaföður mínum,“ segir Helga Birna.

Amerískur hakkréttur mömmu

1 kg nautahakk
1 bolli haframjöl
1 bolli tómatsósa
3/4 bolli saxaður laukur
2 egg
2 tsk. salt
3/4 tsk. pipar
Allt sett í skál og hrært saman-sett í eldfast form og bakað í ofni við 180 í 35 mín. Rétturinn er borinn fram með spagettí og kartöflumús.

Kjúklingasalat
1 poki klettasalar eða spínati
1 poki tortellini ostapasta eða penne pasta
2 rauðar paprikur

1 gul paprika
3 kjúklingabringur
1 piparostur
1/4 l. matreiðslurjómi
Pastað soðið og blandað í skál ásamt grænmetinu. Kjúklingur er steiktur og kryddaður og skorinn í litla bita og settur út í pastað. Piparosturinn er bræddur í rjómanum og hellt yfir og blandað vel saman. Gott er að borða bruður með réttinum.

Hvít lagkaka Óla toll
500 gr. smjörlíki
500 gr. sykurl
800 gr. hveiti
250 gr. kókosmjöl



3 egg
3 tsk. lyftiduft
Öllu hnoðað saman og skipt í þrjá hluta og flatt út - Bakað við 180 í 10 - 15 mín þegar kökurnar

kólna er rabbarasulta sett á milli. Ég skora á Halldóru Pétursdóttur og Axel Baldvinsson í Súðavík að vera næstu sælkerar vikunnar.

ora

Ástríða í matargerð

Ora óskar landsmönnum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári

